# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

69. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 22. MARS 2017




Haldið var upp á Alþjóðlegan dag Downs-heilkennis í Laugardalnum í gær. Markmið dagsins er að auka vitund fólks um Downs-heilkennið og koma í veg fyrir aðgreiningu. Downs-heilkennið er erfðafræðilegur breytileiki sem orsakast af þriðja litningi á 21. litningapari. Þess vegna er alþjóðlegur dagur Downs-heilkennis 21.3. á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# FME þrýstir á skráningu Arion banka

**Kaupþing stefnir að því að selja tugprósenta hlut í útboði í haust. Félagið þyrfti annars að standast mat FME um að vera hæfur eigandi að virkum eignarhlut. Stjórnvöld hafa gefið vilyrði um að falla frá forkaupsrétti.**

**VIÐSKIPTI** Kaupþing stefnir að því að losa um allan hlut sinn í Arion banka í gegnum almennt hlutafjárútboð næstkomandi haust, líklega í september, og skrá bankann í kjölfarið á markað þar sem félagið þyrfti að öðrum kosti að standast mat Fjármálaeftirlitsins um að vera hæfur eigandi að virkum eignarhlut í bankanum. Ólíklegt þykir að eignarhaldsfélagið myndi standast slíkt hæfnismat, að sögn þeirra sem þekkja vel stöðu mála.

» Ef Goldman og vogunarsjóðirnir þrír nýta sér forkaupsrétt ætti Kaupþing enn eftir 36 prósent í Arion.

Vegna kaupa Goldman Sachs og þriggja vogunarsjóða á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka hefur FME áskilið sér þann rétt að mögulega afturkalla heimild Kaupþings frá 2010 til að fara með virkan eignarhlut í bankanum í gegnum dótturfélagið Kaupskil. Hefur FME sett fram tímamörk í því skyni og renna þau út síðar á árinu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þessi skilyrði miða að því að setja óbeint þrýsting á Kaupþing um að skrá Arion banka sem fyrst á markað og bankinn komist þannig í dreift eignarhald.

Í aðdraganda fyrirhugaðs útboðs er jafnframt gert ráð fyrir því að íslensk stjórnvöld samþykki að falla frá forkaupsrétti sínum að hlut í Arion banka ef hann yrði seldur á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda slíkt opið hlutafjárútboð þar sem forkaupsréttur ríkisins myndi aftra fjárfestum frá því að taka þátt í útboðinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa stjórnvöld gefið Kaupþingi vilyrði um að fallið verði frá forkaupsréttinum við hlutafjárútboðið. – hae / sjá Markaðinn

## Skyr Sigga í 25.000 búðum

**VIÐSKIPTI** Skyr og aðrar mjólkurvörur The Icelandic Milk and Skyr Corporation í New York eru nú fáanlegar í 25 þúsund verslunum í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Þetta segir Sigurður Kjartan Hilmarsson, stofnandi fyrirtækisins, sem fagnaði nýverið þeim áfanga að hafa náð tveggja prósenta markaðshlutdeild af jógúrtsölu í Bandaríkjunum. – hg / sjá Markaðinn




## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** 101 boys eru með enn eina nýjungina í útgáfumálum. Nú er það ilmvatnið 101 nights sem kemur út í tengslum við nýja samnefnda plötu þeirra. „Vonin er sú að ilmurinn muni kalla fram sömu áhrif og fást við hlustun á plötuna,“ segir Jóhann Kristófer Stefánsson, einn af 101 boys. 26



**SKOÐUN** Ellert B. Schram skrifar um aldraða og fátækt. 10

**SPORT** Emil myndi setja sig í byrjunarliðið gegn Kósóvó. 14

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Fremur hægur vindur í dag og víða nokkuð sólríkt, en svalt í veðri. Snýst í vaxandi sunnanátt með kvöldinu.

SJÁ SÍÐU 18



Nú þegar er gjald tekið á Þingvöllum.

# Ætla að heimila bílastæðagjöld utan þéttbýlis

**ALÞINGI** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur lagt fram frumvarp um breytingar á umferðarlögum sem veita ráðherra og sveitarstjórnum heimild til að innheimta gjald fyrir notkun bílastæða víða um land.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að nauðsyn á uppbyggingu innviða víða um land aukist í takt við aukinn ferðamannastraum. Breytingin er lögð til með það að markmiði að auka uppbyggingu víða um land.

Núgildandi ákvæði umferðarlaga veita kaupstöðum heimild til að innheimta stöðugjald innan kaupstaða og kauptúna. Enga slíka heimild er að finna fyrir bílastæði utan kaupstaða. Sérstök heimild er í lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum sem nú þegar er nýtt og að auki stendur til að hefja brátt gjaldtöku í Vatnajökulsþjóðgarði. Frumvarpið opnar á gjaldtöku á fleiri stöðum. **– jóe**

# Íslenskt barn með mislinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Mislingar hafa verið staðfestir í níu mánaða gömlu barni hér á landi. Barnið hafði dvalist með fjölskyldu sinni í Taílandi. Vegna ungs aldurs er barnið ekki bólusett.

Landspítali og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins munu vegna málsins hafa samband við foreldra óbólusettra barna sem hugsanlega gætu hafa smitast af barninu og bjóða þeim nauðsynlega þjónustu og ráðleggingar. **– jhh**

# Forsetinn í Ósló



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Elíza Reid forsetafrú eru í opinberri heimsókn í Noregi. Haraldur konungur tók á móti þeim í gær ásamt Sonju drottningu og Mette-Marit krónprinsessu. Um kvöldið snæddu forsetahjónin kvöldverð í boði konungs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Einn kaupandi í ruslflokk

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði lánshæfiseinkunn Och-Ziff Capital Management Group í gær niður í ruslflokk, degi eftir að sjóður á vegum Och-Ziff keypti 6,6 prósenta hlut í Arion banka. Lánshæfiseinkunn fjárfestingarfélagsins er þannig komin úr BB+ í BB.

Vefsíðan Marketwatch hefur eftir sérfræðingi S&P að framtíðarhorfur félagsins séu neikvæðar. Reksturinn hafi farið versnandi og að ólíklegt þyki að félagið geti staðið undir fjárfestingum sínum. Tekjur þess séu óstöðugar vegna færri eigna í stýringu og að þóknanatekjur hafi dregist saman.

Fjórir alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir keyptu tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka, og var tilkynning þess efnis send út síðastliðið sunnudagskvöld. S&P færði Och-Ziff í ruslflokk degi síðar. **– sks**



Íslenska landsliðið og starfsfólk KSÍ stilltu sér upp fyrir myndatöku en liðið æfði í fyrsta sinn í gær í Parma á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR STEFÁN

# Landsliðið æfði í Parma í mislitum sokkum

**Ólafur Ingi Skúlason, landsliðsmaður í knattspyrnu, fékk íslenska landsliðið til að æfa í mislitum sokkum í tilefni af alþjóðadegi fólks með Downs-heilkenni. Sonur Ólafs er með Downs og segir hann fæðingu sonarins hafa auðgað líf sitt**

**SAMFÉLAG** „Þetta er frábært. Það er gleðidagur,“ segir Ólafur Ingi Skúlason glaðbeittur fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Parma. Allir leikmenn íslenska landsliðsins æfðu í mislitum sokkum á æfingu í Parma og starfsliðið skartaði einnig mislitum sokkum. Tilefnið var alþjóðlegur dagur fólks með Downs-heilkenni.

Ólafur á fimm ára son, Viktor Skúla, sem er með Downs-heilkenni og þegar hann stakk upp á því að þetta yrði gert var því vel tekið innan hópsins. „Þetta stendur mér nærri. Við þurfum öll að fagna fjölbreytileikanum og það breytti mínu lífi til hins betra að eignast strákinn minn fyrir rétt tæpum sex árum síðan,“ segir hann.

> Mitt líf er miklu ríkara en það var áður en við eignuðumst strákinn.
>
> Ólafur Ingi Skúlason, landsliðsmaður í knattspyrnu



Samkvæmt tölum af vef Landspítalans sést að allar konur, sem fengu staðfest árið 2014 að þær gengju með barn með Downs-heilkenni, létu eyða fóstrinu. Það er skimað fyrir litningagöllum í ómskoðun þegar meðgangan er orðin tólf vikur. „Það hefur verið í umræðunni með fóstureyðingar og annað þessu tengt. Ég held að það þurfi því að fræða fólk um þetta og svona dagar hjálpa til með það.“

Hann segir að það sé alltaf eitthvað um fordóma gagnvart fólki með Downs. „Ég held að það hafi mikið áunnist síðustu 5-10 ár og það er mikil vakning í samfélaginu. Það er þökk sé svona dögum þar sem málefni minnihlutahópa eru tekin upp og fólk aðeins frætt um þetta heilkenni.“

Ólafur Ingi leikur með Karabükspor í Tyrklandi og er kominn aftur í landsliðið eftir smá fjarveru en mikil meiðsli herja á landsliðshópinn. Liðið leikur gegn Kósóvó á föstudag í undankeppni Heimsmeistaramótsins.

Hann segir að eftir að Viktor Skúli hafi komið í heiminn sé gleðin ríkjandi á heimilinu. „Mitt líf er miklu ríkara en það var áður en við eignuðumst strákinn. Það þarf að fræða fólkið um hvað lífið er yndislegt.“ **eirikurstefan@frettabladid.is**




VERNDUM
VATNIÐ
Vatnsbólin eru ómetanleg auðlind á ábyrgð okkar allra.
Sýnum varkárni í umgengi við vatnsverndarsvæðin,
í Heiðmörk og annars staðar.
Alþjóðlegur dagur vatnsins er í dag.
Kynntu þér málið á veitur.is og á Facebook
VEITUR



Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti vill meiri völd. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Erdogan segir ESB fasískt

**ÞÝSKALAND** Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti segir Evrópusambandið ekki lengur geta beitt hann þrýstingi með hótunum um að slíta aðildarviðræðum við Tyrkland eða ógilda samninginn um flóttamenn.

Eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna í Tyrklandi í næsta mánuði muni hann ekki láta sig þetta tvennt neinu varða. Hann muni byggja upp algerlega nýtt Tyrkland.

Hann segir Evrópusambandið vera fasískt og grimmilegt. Ástandið í Evrópu núna minni sig á aðdraganda seinni heimsstyrjaldarinnar.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 16. apríl taka Tyrkir afstöðu til stjórnarskrárbreytinga, sem eiga að tryggja Erdogan stóraukin völd á kostnað bæði þings og ríkisstjórnar.

Erdogan hefur líkt bæði hollenskum og þýskum stjórnvöldum við nasista. **– gb**

## Höfuðborgin missir flugið

**SAMFÉLAG** Íbúum fjölgar í öllum landshlutum að Vestfjörðum undanskildum þar sem íbúafjöldinn nánast stendur í stað. Íbúum fjölgar einnig í dreifbýli og smáum byggðakjörnum vítt og breitt um landið. Í upphafi árs voru landsmenn 338.349 að tölu og hafði þeim fjölgað um 5.820 frá því árinu á undan, eða um 1,8 prósent.

Athygli vekur í tölum Hagstofunnar að fjölgun á höfuðborgarsvæðinu var aðeins 1,5 prósent á sama tíma og landsmeðaltalið var 1,8 prósent. Mest var fjölgunin á Suðurnesjum, um 6,6 prósent, og á Suðurlandi fjölgaði íbúum um 2,1 prósent. **– sa**

**1,8%**

**fólksfjölgun varð á Íslandi á milli ára.**

# Kynferðisofbeldi á Litla-Hrauni er alltaf tilkynnt lögreglunni

**Fangelsismálastjóri staðfestir við Fréttablaðið að upp komi ofbeldi innan veggja íslenskra fangelsa. Hann og formaður félags fanga eru þó sammála um að kynferðisofbeldi sé sjaldgæft. Ofbeldi af slíku tagi er alltaf tilkynnt til lögreglu og reynt að taka á því eins faglega og mögulegt er með aðstoð heilbrigðisstarfsfólks.**

**SAMFÉLAG** Einn afplánunarfangi þótti sérstaklega alræmdur innan fangelsisins að Litla-Hrauni fyrir að beita aðra fanga kynferðisofbeldi, fyrir nokkrum árum. Fangelsismálastjóri segir alltaf brugðist við með viðhlítandi hætti þegar grunur um slík brot vaknar.

Í meistararitgerð Nínu Jacqueline Becker lýsa fangar þeim sögusögnum sem gengið hafa um fangelsið um nauðganir og misnotkun innan veggja þess. Í ritgerð Nínu er haft eftir einum fanganum: „Þú veist maður er kvenmannslaus og nauðganir eiga sér stað [...] en þetta er samt meira þannig að menn eru plataðir í þetta skilurðu [...] dópaðir upp og skilurðu en það er alveg verið að níðast á þeim sko [...] ef það var kannski ekki inni í manns klefa þá heyrði maður alveg [...] þú veist maður veit alveg að þetta er að gerast þó maður sjái ekki allt sjálfur.“

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, segir helst til mikið gert úr vandamálinu í ritgerðinni en einhver tilfelli hafi komið upp innan fangelsisins, að minnsta kosti á meðan umræddur maður var vistaður þar.

Guðmundur segist taka ritgerðinni með fyrirvara. Margt bendi til þess að viðmælendur í henni séu að gera fullmikið úr tíðni og magni ofbeldis innan fangelsisins. „Aftur á móti er ég alveg sammála því að það er ofbeldi á Litla-Hrauni í allri sinni mynd og kynferðisofbeldi líka, en það er afskaplega sjaldgæft að það gerist. En það kom þarna ákveðið tímabil þegar ákveðinn einstaklingur var þarna.“

Guðmundur bendir á að kynferðisofbeldi innan fangelsisins geti verið mjög falið vandamál. Erfitt sé að viðurkenna að hafa orðið fyrir ofbeldinu. „En þetta er mjög sjaldgæft. Ritgerðin stangast á við skýrslu sem stjórnvöld sendu pyntingarnefndinni fyrir nokkru síðan. Þar segir starfsfólk fangelsanna að ofbeldi sé óalgengt og hafi minnkað með árunum. Ég get alveg verið sammála því.“

Margrét Frímannsdóttir, sem var fangelsisstjóri á Litla-Hrauni á árunum 2008 til 2016, staðfestir að í hennar tíð hafi komið upp tilvik þar sem grunur vaknaði um kynferðisofbeldi innan veggja fangelsisins. „Ef grunur um kynferðisofbeldi vaknar þá er tekið strax á því. Það er heilbrigðisþjónusta og í fangelsinu starfar bæði hjúkrunarfræðingur og geðhjúkrunarfræðingur. Það er reynt að taka á þessu eins faglega og mögulegt er innan kerfisins.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri tekur í sama streng. Ofbeldismál komi upp innan veggja fangelsisins en kynferðisofbeldi sé samstundis tilkynnt til lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk sé líka kallað til. „Það er ekki algengt að svona mál komi upp en það er þá brugðist við með þeim hætti.“

snaeros@frettabladid.is



Fangelsismálastjóri segir allt það kynferðisofbeldi sem kunni að koma upp innan fangelsisins á Litla-Hrauni vera tilkynnt til lögreglu. Formaður Afstöðu, félags fanga, segir þó erfitt að segja frá ofbeldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Það er ekki algengt að svona mál komi upp.**



Páll Winkel, fangelsismálastjóri

**Það er reynt að taka á þessu eins faglega og mögulegt er innan kerfisins.**



Margrét Frímannsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður á Litla-Hrauni

### Kynferðisofbeldi sem kúgunartæki

Í ritgerðinni lýsa fangarnir því að kynferðisofbeldi sé beitt innan veggja fangelsisins til að knýja fram vald. Veikir einstaklingar víli ekki fyrir sér að beita slíku ofbeldi. „Það eru nokkrir sem misnota svona en ég sá það ekki en ég bara heyrði af því að það væri einn sem væri að níðast á þeim [...] hann bara skipar þeim á hnén skilurðu,“ er haft eftir einum fanganum.

Þá er haft eftir öðrum: „Það er hótað og pyntað og misnotað skilurðu en ég sá ekki svoleiðis en maður heyrði talað um það en þá er bara verið að beygja þá fattarðu það er einn sem er að níðast á þeim.“

**» Formaður félags fanga bendir á að kynferðisofbeldi innan fangelsisins geti verið mjög falið vandamál. Erfitt sé að viðurkenna að hafa orðið fyrir ofbeldinu.**




ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.FIAT.IS




| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð | BL ehf |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum | Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 | 525 8000 / www.bl.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 | |

## Styttist í virkt eftirlit með Airbnb-útleigu

**STJÓRNSÝSLA** Ekki er búið að ráða í stöðu þess aðila sem ber að hafa eftirlit með útleigu íbúða á Airbnb hér á landi. Nýjar reglur um útleigu íbúðanna gengu í gildi um áramót og í kjölfarið var auglýst staða umsjónarmanns verkefnisins hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Umsóknarfrestur vegna starfsins rann út 27. febrúar síðastliðinn og bárust embættinu 93 umsóknir. Vigdís Edda Jónsdóttir mannauðsstjóri segir að nú standi yfir viðtöl við þá umsækjendur sem koma til greina en hæfniskröfur voru meðal annars háskólamenntun sem nýtist í starfi. Þá var meðal annars átt við háskólamenntaða einstaklinga sem hafa reynslu af tölfræðivinnu. Vigdís segir að til standi að klára ráðningarferlið fyrir mánaðamót.

Nýju Airbnb-reglurnar gera ráð fyrir að allir þeir sem leigja út í heimagistingu skrái sig hjá sýslumanni og skuldbindi sig til að lúta takmörkunum á fjölda leigudaga og hámarki leigutekna. Þá fá þeir sem skrá sig númer sem þeim ber að hafa sýnilegt þar sem eignin er auglýst og í íbúðinni sjálfri. Eftirlitsmaðurinn mun rannsaka hvort reglunum sé fylgt. **– snæ**

**93**

**umsóknir bárust um starf eftirlitsaðila hjá Airbnb.**

## Samstaða gegn misrétti




**Starfsmenn, sjálfboðaliðar og skjólstæðingar Rauða krossins mynduðu keðju um Rauðakrosshúsið í gær til að minna á alþjóðlegan baráttudag gegn kynþáttamisrétti. Á vef Rauða krossins er minnt á að það er bannað að mismuna vegna útlits og uppruna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Loftslagsbreytingar hafa vakið athygli á Grænlandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fleiri fara til Grænlands

**GRÆNLAND** Ferðamenn sem komu til Grænlands í fyrra voru 96 þúsund. Árið 2014 voru ferðamennirnir tæplega 80.000. Umfjöllun um loftslagsbreytingar hefur vakið athygli á landinu.

Kristilega dagblaðið í Danmörku hefur það eftir ferðamálafræðingi við háskólann í Álaborg að fólk vilji sjá Grænlandsjökul áður en hann bráðnar. Anders Steenbakken hjá Visit Greenland segir að á Grænlandi sé hægt að sjá með eigin augum skriðjökla hopa. **– ibs**

## Trump segir þingsæti Repúblikana í húfi

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti sagði við Repúblikana á þingi að þeir myndu hafa verra af, tækist þeim ekki á kjörtímabilinu að koma sér saman um nýtt heilbrigðisfrumvarp sem kæmi í staðinn fyrir heilbrigðislög Baracks Obama.

„Ég held í allri einlægni að margir ykkar muni missa þingsætin árið 2018 ef ykkur tekst ekki að ljúka þessu,“ sagði hann á lokuðum fundi í gær, að sögn bandarískra fjölmiðla.

Mikill ágreiningur er meðal Repúblikana á þingi um það hvers konar löggjöf eigi að taka við af Obamacare-lögunum svonefndu.

Það var eitt helsta kosningamál Trumps að gera Obamacare-lögin að engu, en sumir flokksfélagar hans vilja ganga mjög langt í þeim efnum en aðrir mun styttra.

Allt stefnir því í að erfitt verði fyrir Repúblikana að koma sér saman um hvað taka eigi við. **– gb**

# Svindlari nýtir sér erfiðan leigumarkað

**Tveir viðmælendur Fréttablaðsins saka Halldór Sanne um að hafa milljónir af þeim með svikum á leigumarkaði. Hafa kært svikin til lögreglu. Halldór fékk á sig dóm árið 2013. Þar plataði hann fólk til að láta sig fá iPhone-síma í sölu.**

**SVIK** Svindlarinn margdæmdi Halldór Viðar Sanne virðist hafa fundið leið til að hafa milljónir af grandalausum leigjendum og nýtir sér ófremdarástand á húsnæðismarkaði og hátt leiguverð til að stinga undan miklum fjármunum. Einstaklingar sem telja sig svikna af Halldóri Viðari hafa mjög svipaðar sögur að segja þar sem dæmalaus svik, prettir og svindl koma við sögu.

Halldór Viðar auglýsti íbúð á Norðurbakkanum í Hafnarfirði á vefsíðunni Bland síðastliðið haust. Leigði hann Óskari Brynjólfssyni íbúðina og krafðist 700 þúsund króna í fyrirframgreidda leigu en leiguverð íbúðarinnar var 300 þúsund krónur á mánuði. Þetta fjölskyldufólk, í góðri trú, greiddi umsamda upphæð, flutti inn, og greiddi Halldóri leigu samviskusamlega.

„Í byrjun janúar er svo bankað upp á. Voru þar á ferðinni raunverulegir eigendur íbúðarinnar. Þá komst upp að íbúðin var ekkert í eigu Halldórs,“ segir Óskar. „Halldór Viðar greiddi því ekki leiguna til eigenda íbúðarinnar og stakk peningum okkar í eigin vasa. Hafði hann rúma eina og hálfa milljón króna af okkur.

Við höfum kært málið til lögreglu sem og eigandi íbúðarinnar. Við eigum samskipti við hann sem sýna hvernig hann fer að þessu,“ bætir Óskar við.

Svipaða sögu hefur Ingólfur Ágúst Hreinsson af viðskiptum við Halldór Sanne að segja. Halldór ætlaði að hjálpa honum að fá leigða íbúð í Perlukór í Kópavogi. Ingólfur segir Halldór hafa vélað hann til að leigja íbúðina á nafni Halldórs og sannfærði hann um að allir vildu leigja Halldóri íbúðir. Þegar yfir lauk hafði Halldór náð af honum um tveimur milljónum króna. „Ég eiginlega skammast mín fyrir að hafa látið manninn fara svona með mig en hann náði mér á flug. Ég kærði málið til lögreglu í haust,“ segir Ingólfur. „Rannsókn er hins vegar ekki hafin á þessu. Á meðan heldur hann áfram.“

Þessar sögur virðast ríma ágætlega við sögu Bergljótar Snorradóttur en hún hefur einnig kært Halldór fyrir að hafa af sér fé. Þá sagðist Halldór iðrast þeirra gjörða sinna en taldi sig nýjan og breyttan mann.

sveinn@frettabladid.is

### Langur ferill að baki

Halldór Viðar Sanne á að baki nokkurn feril í svikum og prettum og því að hafa fé af fólki með ólögmætum hætti. Frægast er svokallað iPhone-svindl hans í Danmörku árið 2013.

Þar plataði hann grunlausa einstaklinga til að kaupa iPhone-síma á raðgreiðslum í Danmörku og láta Halldór hafa en hann sagðist ætla að selja þá á Íslandi með hagnaði fyrir alla. Þegar yfir lauk náði hann um 1.000 símum og svikin voru metin á um 120 milljónir króna.

Einnig rukkaði hann einstaklinga fyrir lífvarðanámskeið sem átti að halda í Danmörku sumarið 2012. Voru námskeiðsgjöld 399 þúsund krónur og fjölmargir greiddu þá upphæð.


iPhone svindlarinn með margar kærur á bakinu hér á landi

Íslenskir námsmenn í skuldasúpu eftir viðskipti við Halldór Viðar Sanne

**Halldór hefur oft komið í kastljós fjölmiðla vegna svika sinna.** SKJÁSKOT/VÍSIR

**120**

**milljónir króna eru svikin í Danmörku metin á.**

> Halldór Viðar greiddi því ekki leiguna til eigenda íbúðarinnar.
>
> Óskar Brynjólfsson, leigjandi

# Ofurdagur Ljóssins

**14 kr.*** afsláttur af hverjum lítra

**2 kr.** af hverjum lítra renna til Ljóssins




## Orkan býr í Ljósinu

Í dag, 22. mars, renna **2 kr.** af öllum seldum eldsneytislítrum til **Ljóssins**, óháð greiðslumáta, hjá Orkunni og Skeljungi. Viðskiptavinir fá einnig **14 kr. afslátt*** þegar greitt er með kortum eða lyklum Orkunnar – eða staðgreiðslukorti Skeljungs.

Sæktu um Orkulykil Ljóssins á **orkan.is**. Þannig styrkir þú Ljósið allan ársins hring. Það veitir endurhæfingu og stuðning við þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra.

**Orkan – látum gott af okkur leiða.**




ORKAN

*14 kr. afsláttur gildir ekki á Orkan X og bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur gildir einungis fyrir kort/lykla Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungs.












Jarðhiti er vannýtt auðlind víða um heim og tækifærin til nýtingar hans eru talin nær óendanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Orkustofnun stýrir risajarðhitaverkefni

**Komið hefur verið á laggirnar samstarfi þrettán Evrópulanda til að styðja við og hraða framþróun jarðhitanýtingar innan landanna. Í sjóð renna 3,5 milljarðar króna. Orkustofnun fer með verkefnisstjórn og tækifæri Íslendinga eru mikil.**

**ORKUMÁL** Orkustofnun hefur verið falin verkefnisstjórn í stóru samstarfsverkefni Evrópusambandsins og sextán stjórnsýslu- og rannsóknamiðstöðva í þrettán Evrópulöndum. Markmið verkefnisins – sem nefnist Geothermica – er að styðja við og hraða framþróun jarðhitanýtingar innan þátttökulandanna. Til að ná markmiðum verkefnisins hafa þátttakendur lagt rúmar 30 milljónir evra, eða 3,5 milljarða íslenskra króna, í sjóð sem nýttur verður til að styðja við nýsköpunar- og þróunarverkefni í jarðhita.

Alls taka 10 ríki Evrópusambandsins þátt í samstarfinu; Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Spánn, Portúgal, Holland, Belgía, Danmörk, Rúmenía og Slóvenía, auk Íslands, Sviss og Tyrklands sem tengjast verkefninu í gegnum sérstaka samninga við ESB, meðal annars með EES-samningnum. Markmið samstarfsins er að samnýta rannsóknarfé frá þátttökulöndunum annars vegar og frá ESB hins vegar, til rannsókna og nýsköpunar á sviði jarðhita, og til að efla tengslanet og viðskiptasambönd innan jarðvarmageirans í Evrópu. Þá er ætlunin að koma á stefnumótandi samstarfi meðal þeirra sem veita styrki á sviði jarðhitarannsókna og nýsköpunar.

Hjalti Páll Ingólfsson, framkvæmdastjóri GEORGS rannsóknarklasa í jarðhita og rekstrarstjóri verkefnisstofu Geothermica, segist líta svo á að verkefnið geti nýst Íslendingum sérstaklega vel. Í því felist tækifæri til að koma að verkefnum á nýjum stöðum, en íslensk fyrirtæki og einstaklingar hafa unnið að verkefnum víða um heim á undanförnum árum.

„Þetta opnar líka möguleika til að nýta okkar þekkingu á hitaveitu og möguleikum á að nota jarðhita sem uppsprettu hita, ekki bara til orkuframleiðslu. Í þessu er að verða mikil vakning í Evrópu við nýtingu á endurnýjanlegri orku, sem hefur ekki verið til þessa þrátt fyrir mikilvægið,“ segir Hjalti.

Spurður hverjir hér innanlands gætu nýtt sér samkeppnissjóð eins og þennan segir Hjalti að það geti verið sérfræðingar í orkumálum sem gætu komið að ýmsum verkefnum, óháð því hvers lensk þau eru. „Þeir sem geta klárlega komið hér inn eru sjálfstæðir sérfræðingar og ráðgjafar, verkfræðistofurnar, orkufyrirtækin og þetta getur klárlega verið tækifæri fyrir sprotaverkefni sem eru komin svolítið áleiðis,“ segir Hjalti.

Að baki verkefni eins og þessu liggur sú stefnumótun Evrópulanda að auka verulega hlut endurnýjanlegra orkugjafa bæði fyrir almenning og til notkunar í atvinnulífinu. Jarðvarmi er í dag einungis notaður sem orkugjafi í örfáum atvinnugreinum og á fáum afmörkuðum svæðum. Á sama tíma er talið að um fjórðungur Evrópulanda geti nýtt sér jarðvarma en ESB stefnir að því að fyrir árið 2050 komi 80 prósent allrar orku til húshitunar frá endurnýjanlegum orkugjöfum, þar með talið frá jarðhita sem er talinn vannýttur víðast hvar í heiminum. Það er því mat aðstandenda verkefnisins að tækifærin til frekari nýtingar hans séu nánast ótæmandi.

Spurður hvort tengja megi loftslagsumræðuna í heiminum við verkefnið segir Hjalti að verkefnið staðfesti áhuga Evrópu á jarðhita og beint og óbeint tengist þetta saman. Áhugi á endurnýtanlegri orku sé auðvitað gríðarlega mikilvægur í því ljósi.

svavar@frettabladid.is

## Áhugi á jarðvarma eykst stöðugt

- Geothermica-verkefnið tekur við af eldra samstarfsneti á sviði jarðhita, ERA-NET, sem var starfandi frá 2012 til 2016.
- Áhrif ERA-NET samstarfsins hafa m.a. skilað sér í aukinni stefnumótun, öflugri samkeppnisstöðu jarðvarma og auknu samstarfi atvinnulífs, rannsóknarsjóða og hins opinbera í Evrópu.
- Samstarfið hefur aukið verulega áherslu og sýnileika jarðvarmans innan ESB og EES.

**Þeir sem geta klárlega komið hér inn eru sjálfstæðir sérfræðingar og ráðgjafar, verkfræðistofurnar, orkufyrirtækin og þetta getur klárlega verið tækifæri fyrir sprotaverkefni sem eru komin svolítið áleiðis.**

Hjalti Páll Ingólfsson, rekstrarstjóri verkefnisstofu Geothermica




EKKI BARA GÆÐI
JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 19.900
ÖRYGGISSKÓR
14.900 m/vsk
Fullt verð 21.900
SMÍÐA-BUXUR
8.900 m/vsk
Fullt verð 13.329
KULDA-ÚLPA
22.900 m/vsk
Fullt verð 31.518
REGNSETT
9.900 m/vsk
Fullt verð 14.816
SOFTSHELL JAKKI
14.900 m/vsk
Fullt verð 21.630
KULDA-GALLI
19.900 m/vsk
Fullt verð 29.636
SKYRTA HNEPPT
5.900 m/vsk
Fullt verð 7.400
SMÍÐA-VESTI
10.900 m/vsk
Fullt verð 19.721
SOFTHELL JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 22.900
HOLTAGARÐAR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR
www.sindri.is I sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi
SINDRI
VINNUFÖT

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

## Beðið í þögn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Og meðan blómin anga og sorgir okkar sofa / er sælt að vera fátækur, elsku Dísa mín,“ orti Davíð Stefánsson á sínum tíma og það fór illa í suma. Davíð þekkti tæpast fátækt af eigin raun og óháð skáldagáfunni sveið mörgum að hann færi þá leið að upphefja fátæktina í rómantísku kvæði um æskuna, ástina og lífið. Það er nefnilega engin fegurð í fátæktinni og hefur aldrei verið. Fátæktin er ljót. Hún er svöng og köld, einangrandi og niðurlægjandi og hún svínbeygir þá sem henni lúta til lífs í skömm og ótta við viðhorf samfélagsins. Þess vegna á fátæktin það eitt sameiginlegt með silfurskeiðinni að hún erfist illu heilli.

Sú umræða sem á sér stað um fátækt í íslensku samfélagi, í kjölfar útvarpsþátta Mikaels Torfasonar, er ekki ný af nálinni. Fátækt hefur oft og ítrekað verið tekin til umræðu í íslenskum fjölmiðlum enda hluti af íslenskum veruleika. Í kjölfarið rýkur svo upp umræða sem virðist þó alltaf lægja jafn skjótt og hvern annan storm í vatnsglasi. Umræðan virðist oftar en ekki hætta að snúast um fátæktina sjálfa, orsakir hennar og afleiðingar og fara þess í stað að snúast um eitthvað allt annað. Núna virðist hún t.d. snúast um Mikael Torfason, án þess að hann fái þar sjáanlega rönd við reist, og hvaða skoðanir hann hefur eða hefur áður haft á viðfangsefninu. Svona eins og umræðan um kvæði Davíðs snerist um skáldið en ekki fátæktina. Það er synd því það kemur að litlu gagni í baráttunni gegn fátækt, grimmd hennar og niðurlægingu.

Ástæðan er eflaust að fátæktin á sér enga rödd og hefur engin áhrif í samfélaginu. Þeir sem tala um fátækt af eigin reynslu gera það ýmist í kjölfar þess að hafa rofið vítahring hennar eða þá að orð þeirra lifa ekki lengur en nokkra daga, því eini samhljómurinn er samúð en svo snúum við okkur að öðru. Fátækir eru áhrifalaust fólk sem við viljum fæsta daga horfast í augu við, fremur en aðstæður þess, og eru þó á ábyrgð okkar allra. Við erum nefnilega öll hvert á annars ábyrgð því að við búum í samfélagi og samfélag sem á að dafna þarf á öllu sínu að halda. Þarf á því að halda að við breytum rétt hvert gagnvart öðru.

Og til þess höfum við stjórnvöld, að tryggja öryggi, tækifæri og velferð borgaranna án undantekninga. Stjórnvald sem sættir sig með aðgerðaleysi við fátækt á meðal þegna sinna er ekki gott stjórnvald. Slíkt stjórnvald er á rangri leið því það er ekki að vinna að velferð borgaranna, að minnsta kosti ekki allra, og við þurfum á stjórnvöldum að halda sem láta sig okkur öll varða en ekki einvörðungu sérhagsmuni hinna stöndugu og velmegandi.

Fátækt er hluti af íslenskum veruleika á meðal fólks á öllum aldri. Þetta vitum við og höfum vitað lengi. Eigum til yfir þetta tölfræði, skýrslur og úttektir en enga raunverulega aðgerðaráætlun. Engin svör fyrir þá sem líða fátækt og lifa. En við eigum svör til handa þeim sem fara með peninga og völd í þeirra krafti. Það fólk og hagsmunir þess eiga alltaf rödd sem nær eyrum ráðamanna og það virðist líka skila milljarða arði, enda er hér víst bullandi góðæri, en eftir situr fátæktin í þögn og bíður.

**Stjórnvald sem sættir sig með aðgerðarleysi við fátækt á meðal þegna sinna er ekki gott stjórnvald.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Á betra skilið**

„Þjóðin á betra skilið,“ sagði Theodóra S. Þorsteinsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, á Alþingi í gær þegar salan á þriðjungshlut í Arion banka var rædd. Hún sagði söluna ekki fagnaðarefni og ekki til þess fallna að auka traust almennings á stofnunum. Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra sagði á mánudag óviðunandi ef ekki yrði upplýst um endanlega eigendur hlutans. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hefur hins vegar sagt söluna tímamót í uppgjörinu við bankahrunið og sannarlega góðar fréttir. Sjónarmiðin innan ríkisstjórnarflokkanna eru sem sagt í kross. Enn ein hressileg áminning um að samstarfið veltur aðeins á einum manni.

**Að tala af sér**

Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar, hefur verið sökuð um að tala niður til fátækra eftir að hún gagnrýndi lýsingar Mikaels Torfasonar á fátækt íslenskrar fjölskyldu í Fellahverfi. „Ég vann með fjölskyldu sem hann var að lýsa í Fellahverfi í 9 ár ... og já, ég held að hægt er að segja að minnsta kosti í gær sáum við rithöfundur segja hluti einhliða,“ skrifaði Nichole og gaf í skyn að fjölskyldan hefði það ekki svo slæmt. Nichole var leikskólastjóri í Fellahverfi áður en hún settist á þing. Spurning hvort þingmaðurinn hafi gerst sekur um trúnaðarbrot með ummælum sínum. snaeros@frettabladid.is

## Ræddum við ráðherrann



Ellert B. Schram
formaður FEB

Já, það hefur verið nóg að gera hjá mér, eftir að hafa verið kosinn formaður í Félagi eldri borgara hér í höfuðborginni. Fundir og heimsóknir hér og hvar, uppákomur og atburðir og svo náttúrlega afskipti af málefnum eldri borgara inn á við og út um allt.

Þetta er auðvitað meira og minna gaman, ef frá eru svo talin hagsmunamálin, tryggingabæturnar, húsnæðismálin, heilsuþjónustan og frítekjumörkin! Vandinn er nefnilega sá, þegar kemur að alvörumálefnum eldri borgara, lífskjörunum, þá er valdið og stefnan í höndum annarra, í höndum Alþingis, ríkisstjórnar og bæjarstjórna. Talsmenn fullorðinna landsmanna verða að setjast í biðstofur ráðuneytanna og bíða eftir samtölum við yfirvaldið. Það er nú fyrst í þessari viku, að ég fékk tíma hjá velferðarráðherra, sem hefur auðvitað í mörg horn að líta. Við vorum tveir, gestirnir, ég og framkvæmdastjóri FEB.

Ég hafði með mér lista yfir þau mál sem brenna á fullorðnu fólki, meðal annars tveggja ára bið eftir augasteinsaðgerðum og mjaðmaskiptum, afnuminn grunnlífeyrir, vanræktar skyldur RÚV varðandi sjónvarpstexta, hækkandi greiðslur heimilismanna á elliheimilum og svo auðvitað frítekjumarkið. Allt mál sem falla undir velferð eldri borgara.

Það er skemmst frá því að segja að þessi heimsókn til ráðherrans hafi verið endaslepp. Ráðherrann gerði frítekjumarkið að umræðuefni sínu, ítrekaði að hann hefði lýst því yfir að hækka þyrfti frítekjumarkið en það yrði að gerast á næstu fjórum árum í áföngum. Þar var hans stoppustöð. Það tekur sem sagt fjögur ár að afnema þessa fátæktargildru sem núverandi ellilífeyrisþegar mega búa við næstu árin. Ég mæti ekki sem ölmusumaður hjá Þorsteini velferðarráðherra, sem ég þekki að góðu einu, og foreldra hans. Ég mæti á fund með ráðherranum af virðingu og velvild í umboði frá eldri borgurum. Ég fer bónleiðina en ekki í hertygjum. Ég er ekki að ræða við ráðherrann prívat. Ég tala máli fjörutíu þúsund fullorðinna landsmanna, sem eiga svo sannarlega inni hjá þjóðinni og ríkisvaldinu skilning og stuðning. Ef ég varð fyrir vonbrigðum með þennan fund, þá er bara að taka því, eins og þegar maður tapaði fótboltaleik. Bíta á jaxlinn og gera betur í næstu atrennu.

**Ég er ekki að ræða við ráðherrann prívat. Ég tala máli fjörutíu þúsund fullorðinna landsmanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Óraunhæfir fiskeldisdraumar



Orri Vigfússon
formaður NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna

Opið sjókvíaeldi á laxfiskum er stórhættulegt og hefur valdið ómældum og óafturkræfum skaða í vistkerfum þar sem það hefur verið reynt í nágrannalöndum okkar. Yfirvöld á Írlandi gerðu sér grein fyrir því að áður en fiskeldi í stórum stíl yrði reynt við Galwayflóa á vesturströnd Írlands (með gamalli, norskri tækni og „kynbættum“, framandi laxi líkt og hér er fyrirhugað) þyrftu að fara fram kostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir. Beðið var með úthlutun leyfa í nokkur ár og sótt um milljarða króna styrki úr sjóðum Evrópusambandsins til að greiða kostnaðinn.

Hér á landi keppast ráðuneyti og opinberar stofnanir við að hraða fiskeldisframkvæmdum án þess að vanda undirbúninginn. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á verndargildi og þolmörkum umhverfisins, áhættumat skortir, engin úttekt á lagagrundvelli liggur fyrir og engin heildarstefna hefur verið mótuð og ekki hefur heldur verið gerð fagleg úttekt á samlegðaráhrifum stóraukins fiskeldis.

**Nú er rétti tíminn til að horfa til vistvænna aðferða í fiskeldi í stað þess að setja viðkvæmt lífríkið hér við land í uppnám með úreltri eldistækni sem mengar út frá sér, veldur erfðablöndun við villta stofna og magnar upp lúsafaraldra og sjúkdóma sem hafa reynst illviðráðanlegir í nágrannalöndum okkar.**

Fyrirliggjandi matsáætlanir fiskeldismanna eru einhliða unnar af þeim sjálfum og út frá forsendum sem þeir gefa sér sjálfir. Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafa litla reynslu og þekkingu á fiskeldi og hvernig eigi að greina hættur fyrir vistkerfið og verðmæti þeirra eigna og hlunninda sem kunna að verða fyrir skaða. Fiskeldismenn benda á að litlar eldiskvíar skaði óverulega og því eigi að leyfa þeim að spreyta sig á risaeldi. Í a.m.k. einni matsgerðinni kemur fram að saur- og fóðurleifaúrgangur geri vistkerfinu gott þótt vitað sé að hann geti verið stórhættulegur fyrir lífríkið í nágrenninu.

Í nýlegum blaðagreinum hafa íslenskir fiskeldismenn gert lítið úr þeirri hættu sem villtum laxfiskum stafar af erfðablöndun við eldisfisk sem sleppur úr kvíum. Eldisfiskur er þeirrar náttúru að hann hefur verið ræktaður til að vaxa hratt og verða holdmikill búrfiskur en ekki til að spjara sig í náttúrunni, þar sem reynir m. a. á ratvísi gönguseiða á fæðuslóðir og hæfileika kynþroska fiska til að rata aftur til hrygningarstöðva. Fiskeldismenn leyfa sér að líkja slíkum úrkynjuðum eldislaxi saman við seiði sem alin eru í seiðastöð og eru af villtum stofni þeirra áa sem þeim er sleppt aftur í. Furðu sætir að slíkur málflutningur sé borinn á borð fyrir almenning.

**Nánast opinbert skotleyfi á náttúruna**

Þá er ótalinn þáttur Matvælastofnunar sem er nú undir sérstöku eftirliti nefndar vegna slælegra vinnubragða. Þar ríkir nánast opinbert skotleyfi á náttúruna, varúðarreglur virðast hundsaðar og ekki er tekið tillit til sjúkdómahættu frá fiskeldi – með tilvísun til þess að smitsjúkdómar séu hvort sem er til staðar í náttúrunni. Öllum öðrum er þó ljóst að náttúrulegir sjúkdómar geta magnast upp í óviðráðanlegan faraldur þegar þeir komast í fiska sem er safnað saman á lítið svæði í eldiskvíum.

Á málstofu sem haldin var í Reykjavík á vegum NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna, Stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Íslands og Líffræðifélags Íslands hélt dr. Trygve T. Poppe, prófessor í dýralækningum við Háskólann í Ósló, fyrirlestur og margítrekaði nauðsyn þess að fylgjast með magni laxalúsa í öllum fjörðum þar sem sjókvíaeldi á laxi væri fyrirhugað á Íslandi.

Laxalúsin er sérstaklega illskeytt og getur borist í vatnasvæði og gert skaða í allt að 200 km fjarlægð frá eldiskvíum. Viðurkenndir erlendir staðlar kveða á um að í mælingum megi ekki finnast meira en ein kvenkyns lús á hverja tíu laxa í eldiskví. Fróðlegt verður að frétta hvernig lúsastaðan hefur verið á Íslandi sl. mánuði – og hvaða viðmiðunarstaðla íslensk stjórnvöld hafa hugsað sér að taka upp varðandi ásættanlegt lúsamagn í kringum sjókvíeldi.

Fjölmargir háskólar, líffræðistofnanir, Ríkisendurskoðun Noregs, forstjóri Alþjóðahafrannsóknaráðsins og fjöldi annarra sérfræðinga hafa varað opinberlega við opnu sjókvíeldi. Gamla tæknin sem á að nota hér á landi hefur nú þegar skaðað vistkerfið á flestum stöðum þar sem hún hefur verið reynd. Á Íslandi hefur landeldi skilað arði og Norðmenn eru nú að segja skilið við gömlu tæknina með opnum fiskeldiskvíum í sjó. Þess í stað eru þeir nú af fullum krafti að skipta yfir í lokuð kerfi. Nú er rétti tíminn til að horfa til vistvænna aðferða í fiskeldi í stað þess að setja viðkvæmt lífríkið hér við land í uppnám með úreltri eldistækni sem mengar út frá sér, veldur erfðablöndun við villta stofna og magnar upp lúsafaraldra og sjúkdóma sem hafa reynst illviðráðanlegir í nágrannalöndum okkar.


# Kynningarfundur um nýbyggingarsvæði í Vogabyggð

**Landsbankinn boðar til kynningarfundar** um uppbyggingarreiti og söluferli lóða í Vogabyggð. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 23. mars kl. 15 í Súðarvogi 3–5.




**Farið verður yfir fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu ásamt því að söluferli lóða á svæðinu verður kynnt.**

**Lilja B. Einarsdóttir**, bankastjóri Landsbankans, opnar fundinn.

**Fulltrúar Landsbankans** kynna söluferli á lóðum í Vogabyggð 2.

**Dagur B. Eggertsson**, borgarstjóri, fer yfir uppbygginguna Reykjavíkurborgar á innviðum á svæðinu.

**Fulltrúi frá Gámaþjónustunni** kynnir söluferli á lóð félagsins í Vogabyggð 2.

Við bjóðum byggingarverktaka, fjárfesta og forsvarsmenn fasteignafélaga sérstaklega velkomna á fundinn.

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



OKTÓBER OG NÓVEMBER

# THAILAND

Úrval Útsýn verður með 3 ferðir til Thailands á tímabilinu október og nóvember – 13 daga ferðir á framandi slóðir, sem hentar líka fyrir fjölskyldur með börn. Strandbærinn Hua Hin í 8 nætur og höfuðborgin Bangkok í 3 nætur. Fararstjóri er Kristján Steinsson.

VERÐ FRÁ **299.900 KR.**

á mann – tilvalið fyrir fjölskyldur!

3 brottfarir: 5.–18. okt., 19. okt. – 1. nóv. og 2.–15. nóv.

**MIKIÐ INNIFALIÐ**

- Flug og flugvallaskattar alla leið
- Gisting á lúxushótelum
- 11 x morgunverður
- 2 x kvöldverður
- Allur akstur til og frá flugvelli
- Skoðunarferðir samkvæmt ferðalýsingu
- Enskumælandi staðarleiðsögumaður
- Íslenskur fararstjóri

## SPENNANDI BORGAR-, SÉRFERÐIR OG SIGLINGAR // SKIPULEGGJUM FERÐIR

SÉRTILBOÐ



**BÚDAPEST** 21.–24. APRÍL OG 28.–1. MAÍ

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli m. morgunverði.

**IBIS STYLE BUDAPEST** ★★★

Flottar skoðunarferðir. Fleiri brottfarir í boði.

GÓÐ STAÐSETNING



**U2 Í LONDON** 8.–10. JÚLÍ

VERÐ FRÁ **147.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli. Miðar á besta stað miðsvæðis.

**THISTLE CITY BARBICAN** ★★★★



**COLDPLAY Í MUNCHEN** 3.–5. JÚNÍ

VERÐ FRÁ **127.900 KR.**

Verð á mann í tvíbýli.

**HOLIDAY INN MUNICH SOUTH** ★★★★




9.–23. NÓVEMBER

# ÁSTRALÍA

Ferðastu með okkur frá stórborgunum Sydney og Canberra til hinna stórbrotnu Blue Mountains og um Hunter Valley, sláandi hjarta ástralskrar víngerðar. Ógleymanleg 2 vikna ferð um Ástralíu, 9.–23. nóvember. Fararstjóri er Vigdís Jóhannsdóttir – Ótrúleg ferð!

VERÐ FRÁ **699.900 KR.**

**MIKIÐ INNIFALIÐ**

- Flug og flugvallaskattar
- Gisting á hóteli allar nætur
- Morgunmatur alla morgna
- 2 x hádegisverður
- 9 x kvöldverður
- 6 x vínsmökkum
- Íslensk fararstjórn
- Aðgangur að öllum stöðum í dagskránni

R FYRIR ALLAR GERÐIR AF HÓPUM // SENDU OKKUR LÍNU Á **HOPAR@UU.IS**




**VIETNAM & THAILAND** 10.–29. NÓV.

VERÐ FRÁ **439.900 KR.**

Verð á mann í innri klefa.
Fararstjóri: Halldór B. Runólfsson
Siglt með Sapphire Princess.



**DUBAI** 31. OKT. – 7. NÓV. OG 14.–21. NÓV.

VERÐ FRÁ **249.900 KR.**

Verð á mann m.v 2 fullorðna og 2 börn.
**ATLANTIS** ★★★★★
Íslensk fararstjórn.




**ALMERIA** 2.–9. JÚNÍ

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 114.900 kr.
**BEST SABINAL** ★★★★

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

## Snæfell lyfti bikarnum eftir lokaumferðina í Domino's-deild kvenna



Bikarinn á loft Snæfell er deildarmeistari í Domino's-deild kvenna og fékk bikarinn eftir leikinn gegn Keflavík. MYND/SUMARLIÐI ÁSGEIRSSON

# Í nýrri stöðu á stóru sviði

**Emil Hallfreðsson er lykilmaður í Udinese á Ítalíu, liði sem spilar í einni sterkustu deild heims. Hann segist hafa persónulega orðið fyrir vonbrigðum á EM en hann bíður rólegur eftir tækifæri sínu með landsliðinu.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
Skrifar frá Parma
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson viðurkennir sjálfur að þrátt fyrir mikla velgengni íslenska landsliðsins á EM í sumar hafi hann ekki upplifað persónulega velgengni. Hann var aldrei í byrjunarliði Íslands og kom aðeins við sögu í 1-1 jafnteflinu gegn Ungverjalandi í Marseille.

„Ég bíð bara eftir mínu tækifæri og er ekkert að væla yfir minni stöðu. Þegar tækifærið kemur verð ég að nýta það,“ sagði Emil fyrir æfingu íslenska landsliðsins á heimavelli Parma, hinum sögufræga Stadio Ennio Tardini, í gær.

„Hér er frábært að vera. Mér líður eins og heima hjá mér á Ítalíu og það er gaman að koma til nýrra borga og vera þar í nokkra daga,“ segir Emil sem hefur þó spilað nokkrum sinnum á Il Tardini, áður en félagið varð gjaldþrota árið 2015 og var dæmt niður í D-deildina.

„Það er allt til alls hjá okkur. Við erum hér í afar góðu yfirlæti – fáum að æfa á heimavelli Parma og erum á fínu hóteli sem er vant því að taka á móti fótboltaliðum.“



Emil er klár í slaginn gegn Kósóvó. NORDICPHOTOS/GETTY

### Ánægður þar sem ég er

Emil er á mála hjá Udinese sem er í tólfta sæti ítölsku 1. deildarinnar. Liðið hefur unnið síðustu tvo leiki sína og gerði þar á undan sterkt 1-1 jafntefli við Ítalíumeistara og topplið Juventus. Emil er í stóru hlutverki á miðju Udinese.

„Það er búið að ganga vel. Ég er að spila alla leiki og eftir þrjá taplausa leiki í röð erum við að horfa til þess að komast ofar í töflunni,“ segir Emil.

„Leikstíll liðsins hentar mér ágætlega. Ég hef að undanförnu verið að spila sem djúpur miðjumaður og er því að læra á nýja stöðu. Ég hef oftast verið í sókndjarfara hlutverki en þetta á ágætlega við mig og ég er ánægður á þeim stað sem ég er á.“

### Ekki allir sem aðlagast

Emil hefur verið atvinnumaður undanfarin tólf ár og er að spila með þriðja liði sínu á Ítalíu, þar sem hann hefur verið langstærstan hluta ferilsins. Hann var í fimm ár hjá Hellas Verona áður en hann gekk í raðir Udinese í sumar. Hafnfirðingurinn verður 33 ára í sumar og á rúmt ár eftir af samningi sínum.

Heima á Íslandi fær ítalska úrvalsdeildin oft minni athygli en hinar stóru deildirnar í Evrópu og Emil hefur sjálfur orðið var við það.

„Ítalía er ein stærsta deild í heimi og mjög erfið. Það eru ekki allir sem ná að aðlagast ítölsku taktíkinni og hvernig þeir vilja að leikurinn sé spilaður. En þetta er líka hörkuskemmtileg deild. Fólk þekkir örugglega vel hversu sterk ítalska deildin er en kannski átta ekki allir sig á því að það er ekki daglegt brauð að Íslendingur sé að spila í Serie A,“ segir Emil.

### Myndi láta mig spila

Ísland mætir Kósóvó í undankeppni HM 2018 á föstudag. Leikurinn hefur mikla þýðingu fyrir Ísland sem þarf helst á þremur stigum að halda. Emil, sem hefur oftar en ekki verið í hlutverki varamannsins með íslenska landsliðinu síðustu misserin, gæti fengið stærra hlutverk nú vegna forfalla nokkurra lykilmanna.

„Ef ég væri Heimir [Hallgrímsson] myndi ég setja mig í byrjunarliðið,“ sagði hann í léttum dúr. „Ég tel mig sýna og sanna í hverri viku hér á Ítalíu að ég geti spilað með íslenska landsliðinu. Þegar tækifærið kemur þá reyni ég bara að nýta það.“




### Olís-deild karla

**Valur - Grótta 25-25**

**Valur - Mörk (skot):** Orri Freyr Gíslason 5 (7), Josip Juric 5 (8), Sveinn Aron Sveinsson 4 (9/1), Vignir Stefánsson 3 (4), Anton Rúnarsson 3/1 (4/2), Ólafur Ægir Ólafsson 2 (6), Atli Már Báruson 1 (1), Bjarni Ófeigur Valdimarsson 1 (3), Alexander Örn Júlíusson 1 (3), Heiðar Þór Aðalsteinsson (1), **Varin skot:** Sigurður Ingiberg Ólafsson 11 (36/1, 31%).

**Grótta - Mörk (skot):** Finnur Ingi Stefánsson 10/1 (14/3), Vilhjálmur Geir Hauksson 3 (3), Þráinn Orri Jónsson 3 (4), Elvar Friðriksson 3 (6), Júlíus Þórir Stefánsson 2 (2), Nökkvi Dan Elliðason 2 (4), Aron Dagur Pálsson 2 (8), **Varin skot:** Lárus Helgi Ólafsson 7/1 (16/2, 44%), Lárus Gunnarsson 6 (22, 27%).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 33 | Grótta | 21 |
| ÍBV | 31 | Selfoss | 20 |
| Afturelding | 29 | Stjarnan | 19 |
| FH | 29 | Fram | 18 |
| Valur | 23 | Akureyri | 17 |

### Domino's-deild kvenna

**Valur - Skallagrímur 83-71**

**Valur:** Hallveig Jónsdóttir 18/7 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 17/8 fráköst/5 stoðsendingar, Mia Loyd 15/13 fráköst/5 stoðsendingar, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 14/9 fráköst/6 stoðsendingar, Dagbjört Samúelsdóttir 13/7 fráköst/8 stoðsendingar, Nína Jenný Kristjánsdóttir 6.

**Skallagrímur:** Tavelyn Tillman 24/8 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 24/5 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 15/8 fráköst, Fanney Lind Thomas 5, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 1.

**Stjarnan - Grindavík 53-67**

**Stjarnan:** Danielle Victoria Rodriguez 23/8 fráköst, Jónína Þórdís Karlsdóttir 10/8 fráköst, María Lind Sigurðardóttir 9/4 fráköst, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 3, Hafrún Hálfdánardóttir 2/4 fráköst.

**Grindavík:** Ingunn Embla Kristínardóttir 19/5 fráköst, Angela Marie Rodriguez 15/5 fráköst, María Ben Erlingsdóttir 10/10 fráköst/5 stoðsendingar, Íris Sverrisdóttir 8/6 fráköst, Ólöf Rún Óladóttir 6.

**Snæfell - Keflavík 59-72**

**Snæfell:** Bryndís Guðmundsdóttir 15/7 fráköst, Aaryn Ellenberg 14/5 fráköst/7 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 11/6 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 8, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5.

Keflavík: Ariana Moorer 18/10 fráköst/9 stoðsendingar, Birna Valgerður Benónýsdóttir 15/8 fráköst, Erna Hákonardóttir 15, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 8.

**Njarðvík - Haukar 57-83**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 44 | Valur | 24 |
| Keflavík | 44 | Njarðvík | 20 |
| Skallagrímur | 38 | Haukar | 16 |
| Stjarnan | 28 | Grindavík | 10 |

### Domino's-deild karla

**KR - Þór Ak. 90-80**

KR: Philip Alawoya 22/7 fráköst, Jón Arnór Stefánsson 17/5 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 15/4 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 11/6 fráköst, Pavel Ermolinskij 10/16 fráköst/10 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 8, Snorri Hrafnkelsson 4, Sigurður Á. Þorvaldsson 3.

Þór Ak.: Ingvi Rafn Ingvarsson 18/5 stoðsendingar, George Beamon 18/10 fráköst, Tryggvi Snær Hlinason 16/14 fráköst, Darrel Keith Lewis 14/6 fráköst/7 stoðsendingar, Ragnar Helgi Friðriksson 9, Þröstur Leó Jóhannsson 5.

*KR vinnur einvígið, 3-0.*

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Dell Match Play | Golfstöðin |
| 19.00 | Grindavík - Þór Þ. | Sport 2 |
| 19.15 | Stjarnan - ÍR | Sport |
| 21.50 | Körfuboltakvöld | Sport |

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. mars 2017 | 11. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Væntingar fjárfesta voru óraunhæfar



Ekki var innstæða fyrir hlutabréfaverði Icelandair Group þegar það stóð sem hæst vorið 2016. Þetta segir Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair Group, og að ný stjórn félagsins muni ekki gjörbylta rekstrinum. Staða forstjórans sé trygg en félagið hafi vanmetið lággjaldaflugfélögin.

»6

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

»2

## Undir þrýstingi frá FME

Kaupþing er undir óbeinum þrýstingi af hálfu Fjármálaeftirlitsins (FME) um að selja stóran hlut í Arion banka síðar á árinu í almennu hlutafjárútboði og í kjölfarið skrá bankann á markað.



»4

## Siggi's skyr í 25.000 búðum

Vörur The Icelandic Milk and Skyr Corporation eru fáanlegar í 25 þúsund verslunum í öllum ríkjum Bandaríkjanna.

»8

## Brauð & Co skoðar Kaffi Vest

Viðræður eru milli eigenda Brauðs & Co og Kaffihúss Vesturbæjar um opnun á bakaríi við Melhaga.





Hagnaður Kviku 2016 nam um 1.930 milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Starfsmenn Kviku fá um 550 milljónir króna í arð

Hópur starfsmanna Kviku fjárfestingabanka fær samtals um 550 milljónir í arð vegna góðrar afkomu á síðasta ári en hagnaður bankans nam þá um 1.930 milljónum króna eftir skatt. Þetta var samþykkt á aðalfundi Kviku þann 15. mars, samkvæmt upplýsingum Markaðarins, þegar ákveðið var að greiða arð til hluthafa í B-flokki í samræmi við samþykktir félagsins.

Þær kveða á um að eigendur B-hluta í bankanum eigi rétt til arðs er nemur 35 prósentum árlegs hagnaðar fyrir tekjuskatt, að því marki sem hagnaður er umfram 6 prósent arðsemi eiginfjár. Bankinn skilaði sem fyrr segir afar góðri afkomu í fyrra og var arðsemi eigin fjár 34,7 prósent. Eigendur B-hluta eru ýmsir starfsmenn Kviku en ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um fjölda þeirra eða hversu stóran hlut hver þeirra á í bankanum.

Eigið fé Kviku var um 7.350 milljónir í árslok 2016 og jókst um meira en 1.150 milljónir á milli ára þrátt fyrir lækkun hlutafjár upp á þúsund milljónir á fyrri árshelmingi sem voru greiddar út til hluthafa. Stærstu eigendur Kviku í dag eru VÍS og Lífeyrissjóður verslunarmanna. Eiginfjárhlutfall bankans er 20,6 prósent sem er vel umfram kröfur eftirlitsaðila.

Á aðalfundi bankans síðastliðinn miðvikudag, eins og upplýst var um í Markaðnum áður en fundurinn fór fram, tóku tveir nýir stjórnarmenn sæti í stjórn bankans. Þeir eru Guðmundur Örn Þórðarson, fjárfestir og hluthafi í tryggingafélaginu VÍS, og Hrönn Sveinsdóttir, fjármálastjóri Vodafone. Þau Anna Skúladóttir, móðir Skúla Mogensen, sem seldi allan hlut sinn í Kviku fyrir skemmstu, og Finnur Reyr Stefánsson, fjárfestir og fyrrverandi varaformaður stjórnar Kviku, létu hins vegar af störfum. **– hae**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




# Undir þrýstingi frá FME að skrá bankann

**Kaupþing hyggst selja hlut sinn í útboði í haust, annars þarf félagið að standast hæfnismat um að vera virkur eigandi. Áætlað að stjórnvöld falli frá forkaupsrétti í aðdraganda útboðs. Fjárfestarnir fóru fram á kauprétt að stærri hlut í Arion.**

Kaupþing er undir óbeinum þrýstingi af hálfu Fjármálaeftirlitsins (FME) um að selja stóran hlut í Arion banka síðar á árinu í almennu hlutafjárútboði og í kjölfarið skrá bankann á markað. FME hefur áskilið sér þann rétt, í tengslum við kaup Goldman Sachs og þriggja erlendra vogunarsjóða á tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka fyrir um 49 milljarða, að fella niður heimild Kaupþings frá 2010 um að fara með virkan eignarhlut í bankanum í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil og hefur sett fram tímamörk í þeim efnum. Það myndi þýða að Kaupþing þyrfti þá að óbreyttu að standast mat FME um að vera hæfur eigandi að virkum eignarhlut í bankanum, eða sem nemur meira en tíu prósentum, sem er ólíklegt að félagið myndi standast, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála.

Áætlanir stjórnenda Kaupþings miða þess vegna að því að haldið verði útboð í haust, líklegast í septembermánuði, þar sem félagið losi um 36 prósenta hlut og bankinn verði skráður á markað á Íslandi og í Svíþjóð. Áður en að hlutafjárútboðinu kemur mun sami fjárfestahópur og hefur eignast 29,2 prósent í Arion banka – Taconic Capital, Attestor Capital, Och-Ziff Capital og Goldman Sachs – geta nýtt sér kauprétt að tæplega 22 prósenta hlut til viðbótar í bankanum. Það var að frumkvæði sömu fjárfesta, sem eru jafnframt stærstu hluthafar Kaupþings, sem óskað var eftir kauprétti að enn stærri hlut í bankanum. Sú beiðni kom rétt áður en tilboð þeirra var samþykkt með fyrirvörum í byrjun febrúar síðastliðins um að kaupa í bankanum á genginu 0,81 miðað við bókfært eigið fé Arion banka í lok þriðja fjórðungs 2016.

Fastlega er gert ráð fyrir því að Goldman Sachs og vogunarsjóðirnir muni nýta sér þann kauprétt, sem verður á hærra gengi en þeir keyptu núna á í lokaða útboðinu, og eignast þá samanlagt um 51 prósents hlut í félaginu. Frank Brosens, stofnandi og eigandi Taconic Capital, sagði í viðtali sem birtist í Fréttablaðinu á mánudag að sjóðurinn myndi „núna strax hefja það ferli með FME hvort við fáum samþykki þess til að fara mögulega með virkan eignarhlut í bankanum“. Kaupum vogunarsjóðanna á hlut í Arion banka, eins og kom fram í tilkynningu FME í fyrradag, fylgir ekki atkvæðisréttur að svo stöddu og þá eru jafnframt söluhömlur á eignarhlutnum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þannig mega sjóðirnir ekki selja þau bréf fyrr en í fyrsta lagi sex mánuðum eftir fyrirhugaða skráningu Arion banka á markað.


Frank Brosens er stofnandi Taconic Capital sem á 9,99% í Arion banka.

**69%**
**var samanlagður hlutur sem Taconic, Och-Ziff, Attestor og Goldman Sachs áttu í Kaupþingi í febrúar 2017.**

Í aðdraganda útboðs Arion banka á hlutnum sem eftir verður í eigu Kaupþings er gert ráð fyrir að íslensk stjórnvöld muni samþykkja að falla frá því að nýta sér mögulegan forkaupsrétt að hlutnum í bankanum ef hann yrði seldur í útboðinu á genginu 0,8 eða lægra miðað við bókfært eigið fé. Að öðrum kosti er talið óframkvæmanlegt að halda slíkt opið hlutafjárútboð þar sem forkaupsréttur ríkisins myndi aftra fjárfestum frá því að taka þátt í útboðinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa stjórnvöld gefið Kaupþingi vilyrði um að fallið verði frá forkaupsréttinum við hlutafjárútboðið en Steinar Þór Guðgeirsson, ráðgjafi Seðlabankans, er sérstakur eftirlitsmaður ríkisins inni í Kaupþingi við söluferlið á Arion banka.

Frá því var greint í fjölmiðlum í gær að búið að væri að slíta öllum viðræðum milli ráðgjafa lífeyrissjóðanna og Kaupþings en í síðasta mánuði var búið að ganga frá ramma að samkomulagi um að sjóðirnir myndu kaupa stóran hlut í Arion banka. Af því þeim kaupum verður ekki á þessu stigi söluferlisins en lífeyrissjóðirnir segja að það hafi komið þeim á óvart hversu stóran hlut Kaupþing seldi til erlendu fjárfestanna. Á meðal fyrirvara sem lífeyrissjóðirnir höfðu gert í viðræðum sínum við Kaupþing, samkvæmt heimildum Markaðarins, var að tryggt yrði að sjóðirnir myndu kaupa hlut í Arion banka á hagstæðara gengi í lokuðu útboði en öðrum fjárfestum byðist þegar bankinn yrði settur á markað. **hordur@frettabladid.is**

# Bandarískir sjóðir með 3,5% í VÍS

Tveir bandarískir fjárfestingarsjóðir á vegum eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management komust í síðustu viku í fyrsta sinn á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa tryggingafélagsins VÍS. Sjóðirnir Global Macro Portfolio og Global Macro Absolute Return Advantage eiga þannig í dag samanlagt 3,44 prósenta hlut í VÍS sem þýðir að þeir eru saman tíundu stærstu hluthafar félagsins. Hlutur sjóðanna er metinn á um 875 milljónir króna miðað við núverandi gengi bréfa VÍS.

Kaup sjóðanna á bréfum í VÍS komu í kjölfar þess að stjórnvöld tilkynntu um afnám fjármagnshafta sunnudaginn 12. mars síðastliðinn. Þá stóðu sjóðirnir einnig á sama tíma fyrir kaupum á enn stærri hlut í Eimskipum, en þeir eiga núna samanlagt rúmlega 3,6 prósenta hlut í félaginu, auk þess að fjárfesta í öllum þremur fasteignafélögunum – Reitum, Regin og Eik – sem eru skráð á markað. Sjóðirnir eru í dag á lista yfir stærstu hluthafa í öllum fasteignafélögunum og markaðsvirði þess hlutar nemur samtals um 4 milljörðum.


Hlutur sjóðanna í VÍS er metinn á um 875 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjárfestingarsjóðirnir hafa frá 2015 verið langsamlega umsvifamestir erlendra aðila á íslenskum hlutabréfamarkaði. Sjóðirnir eru á meðal tuttugu stærstu hluthafa í tíu félögum í Kauphöllinni og nemur samanlagt markaðsvirði þess eignarhlutar yfir tíu milljörðum. Þá hafa sjóðirnir jafnframt staðið að kaupum í öðrum skráðum fyrirtækjum og þegar tekið er tillit til alls þessa má varlega áætla að sjóðir Eaton Vance eigi um tvö prósent af heildarhlutafé á hlutabréfamarkaði. **– hae**


Búðu þig undir
kröftuga framtíð
Fyrirtæki sem vilja vera í takti við samfélagið þurfa traustan samstarfsaðila sem fylgir þeim eftir á vegferðinni.
Pantaðu viðtal við fyrirtækjaráðgjafa á arionbanki.is/fyrirtaeki eða í síma 444 7000
Arion banki
– fyrir framtíðina
Snorri Jónsson
Starfsmaður í Erninum
Örninn var stofnaður 1925 til að reiðhjólavæða landið. Í dag tekur fyrirtækið þátt í samgöngubyltingunni sem mun breyta framtíðinni.

# Siggi's með 2% af Bandaríkjamarkaði

**Sigurður Kjartan Hilmarsson fagnaði í síðustu viku því að The Icelandic Milk and Skyr Corporation er nú komið með tveggja prósenta hlutdeild af bandaríska jógúrtmarkaðnum. Hilluplássið jókst um 66% í fyrra.**



**Við erum núna með tvær verksmiðjur. Sú stærri er í New York-ríki.**
Sigurður Kjartan Hilmarsson

**Sigurður Kjartan Hilmarsson er einn eigenda The Icelandic Milk and Skyr Corporation í New York. Vinsælasta varan, Siggi's skyr, er byggð á íslenskri uppskrift.**

The Icelandic Milk and Skyr Corporation, fyrirtækið sem Sigurður Kjartan Hilmarsson stofnaði í New York árið 2006, er með tveggja prósenta markaðshlutdeild af jógúrtsölu í Bandaríkjunum. Þetta staðfesti bandaríska ráðgjafarfyrirtækið Nielsen í síðasta mánuði en vörurnar, sem eru seldar undir vörumerkinu Siggi's, eru nú fáanlegar í 25 þúsund verslunum í öllum ríkjum Bandaríkjanna.

„Við vorum að fagna þessu í síðustu viku, eða því að við erum komin með þessa tveggja prósenta markaðshlutdeild. Við erum ennþá einn af minni aðilunum á markaðnum en erum allavega komin á blað," segir Sigurður Kjartan í samtali við Markaðinn.

**Tvær verksmiðjur**

Sigurður, eða Siggi, hefur búið á Manhattan frá árinu 2002 en skyrframleiðslan byrjaði sem áhugamál tveimur árum síðar. Í forsíðuviðtali í Markaðnum í janúar 2014 lýsti frumkvöðullinn því hvernig fyrirtækið hefði vaxið og dafnað út frá uppskrift að skyri frá árinu 1963 sem móðir hans sendi honum í faxi frá Íslandi. Áður en skyrframleiðslan hófst starfaði Sigurður við fyrirtækjaráðgjöf hjá Deloitte Consulting á Wall Street en sagði upp þegar skyráhuginn kviknaði. Í kjölfarið kom hann framleiðslunni af stað á mjólkurbúi í uppsveitum New York og vörurnar enduðu í hillum verslana á borð við Whole Foods og Target. Í dag selur The Icelandic Milk and Skyr Corporation um 30 vörutegundir, er með um 40 starfsmenn í vinnu og mörg hundruð undirverktaka sem framleiða vörurnar.

„Við erum núna með tvær verksmiðjur. Sú stærri er í New York-ríki en svo erum við einnig með mikla framleiðslu í Wisconsin þar sem við byrjuðum fyrir um tveimur til þremur árum. Svo erum við með vöruhús í Illinois þaðan sem við dreifum vörunum og tvær minni verksmiðjur sem við notum minna. Ég er með starfsfólk þar í gæðamálum sem er hluti af þessum 40 en þeir sem vinna á framleiðslulínunum vinna ekki fyrir okkur. Verksmiðjan í New York framleiðir nánast eingöngu fyrir okkur og þar eru um 200 manns í dag."




**Siggi's–skyrið er framleitt í þrettán bragðtegundum**

**Stórt stökk í fyrra**

Fyrirtæki Sigurðar samdi í september í fyrra við Starbucks og nú er hægt að kaupa Siggi's-vörur í um sjö þúsund verslunum kaffihúsakeðjunnar í Bandaríkjunum. Á einu ári, eða frá 2015 til ársloka 2016, fjölgaði verslununum sem selja skyrið og aðrar mjólkurvörur fyrirtækisins úr 15 þúsund í 25 þúsund. Fjölgunina má því einnig rekja til annarra sölusamninga eins og þess við stórmarkaðinn Publix í Flórída sem rekur yfir eitt þúsund verslanir.

„Það var mikill áfangi að fara inn í sjö þúsund Starbucks og var stór biti af söluaukningu okkar í fyrra. Við byrjuðum að senda til þeirra í október og nóvember en við höfðum átt í óformlegum viðræðum við þá lengi. Við höfum aukið úrvalið og erum komin með vel yfir 30 vörutegundir núna. Sumt af því er sama varan en í öðrum pakkningum og svo höfum við aukið úrval af skyri með hærra fituhlutfall, eða rjómaskyr," segir Sigurður.

„Whole Foods er ennþá mjög stór viðskiptavinur og var fyrsti stóri kúnninn minn. Þetta er svo gríðarlega stór markaður og þó ég sé að verða búinn að vera í þessu í um ellefu ár þá er ég einungis kominn með tvö prósent af markaðnum. Það væri því gaman að halda áfram og ná inn í fleiri verslanir og auka vöruúrvalið í hverri verslun."

**Ætla ekki í útflutning**

Tölur Nielsen yfir markaðshlutdeild eru gefnar út mánaðarlega. Þær byggjast á sölutölum úr mörgum af stærstu matvörukeðjum Bandaríkjanna og eru að sögn Sigurðar sá mælikvarði sem hann og stjórnendur fyrirtækja í samkeppni við framleiðsluvörur hans horfa hvað mest til. Að sögn Sigga byggja markaðsrannsóknir Nielsen á sölutölum sem nema samtals rúmum fjórum milljörðum dollara eða um 439 milljörðum króna.

Aðspurður hvort áform séu um útflutning á vörunum til annarra landa segir Siggi að hann og aðrir stjórnendur fyrirtækisins horfi einungis til Bandaríkjanna. Enda sé þar nóg eftir.

„Við einblínum eingöngu á Norður-Ameríku en höfum skoðað Kanada en það er ennþá svo erfitt. Þeir eru með innflutningskvóta og það eiginlega þýðir ekkert að fara þangað nema maður sé með aðskilda framleiðslueiningu í Kanada. Það hefur gengið mjög vel í Bandaríkjunum."

Í desember 2013 var tilkynnt að svissneski mjólkurframleiðandinn Emmi Group hefði eignast fjórðungshlut í fyrirtæki Sigurðar. Kaupverðið var ekki gefið upp en í fréttatilkynningu Emmi Group kom fram að sala á vörum Sigurðar ætti að öllum líkindum eftir að skila sautján milljónum Bandaríkjadala á árinu 2013. Því er ljóst að veltan hefur aukist mikið á einungis þremur árum. Hluthafahópurinn hefur að sögn Sigga ekki tekið neinum breytingum síðan Emmi Group kom inn og svissneska fyrirtækið er því enn eini stóri fagfjárfestirinn sem á hlut í The Icelandic Milk and Skyr Corporation. Hin 75 prósentin eru því enn í eigu Sigurðar og ættingja hans, vina og annarra sem þeim tengjast.

**Á nóg eftir**

Skyrið frá Siggi's er nú fáanlegt í þrettán bragðtegundum en fyrirtækið framleiðir einnig aðrar mjólkurvörur eins og hefðbundnara jógúrt. Áherslan hefur alltaf verið lögð á vörur sem innihalda lítinn eða engan sykur. Sigurður er löngu orðinn þekkt nafn í bandaríska jógúrtbransanum og tekur undir fullyrðingu blaðamanns um að hann sé andlit fyrirtækisins út á við. Viðtöl í sjónvarpi, dagblöðum og tímaritum séu góð leið til að auglýsa fyrirtækið og koma boðskapnum um heilsusamlegri mjólkurvörur áleiðis.

„Fyrir utan þær vörur sem við höfum selt lengi og víða erum við með fullt af öðrum vörum sem seljast vel en eru ekki endilega komnar í fulla dreifingu. Við eigum því nóg eftir."

**haraldur@frettabladid.is**




# Ríkið fær 12 milljarða í sérstakri arðgreiðslu frá Landsbankanum

Bankaráð Landsbankans leggur til sérstaka arðgreiðslu til hluthafa, en íslenska ríkið fer með rúmlega 98 prósenta hlut í bankanum, að fjárhæð 11,82 milljarðar króna.

Þetta kemur fram í tillögum fyrir aðalfund Landsbankans sem fer fram síðar í dag, miðvikudag, en gjalddagi sérstöku arðgreiðslunnar verður 20. september á þessu ári. Sú greiðsla kemur til viðbótar arðgreiðslu upp á 13 milljarða króna, sem áður hafði verið greint frá, vegna afkomu síðasta árs en bankinn hagnaðist um 16,6 milljarða króna eftir skatt á árinu 2016.

Samtals fær ríkissjóður því um 24,4 milljarða króna í arðgreiðslur frá Landsbankanum á þessu ári. Það er lítillega lægri upphæð en Landsbankinn greiddi í arð til ríkisins í fyrra en þá nam arðgreiðsla bankans, vegna afkomu af rekstri á árinu 2015, samtals 28,5 milljörðum króna. Hagnaður bankans á árinu 2015 nam 36,5 milljörðum króna eftir skatta.



**Íslenska ríkið á 98,2 prósent í Landsbankanum.** Fréttablaðið/GVA

**Sérstaka arðgreiðslan kemur til viðbótar greiðslu upp á þrettán milljarða.**

Íslandsbanki, sem er jafnframt í eigu ríkisins, hefur áður tilkynnt að stjórn bankans muni leggja til arðgreiðslu á þessu ári að fjárhæð 10 milljarðar sem er um 50 prósent af hagnaði bankans í fyrra. Í desember 2016 tilkynnti bankinn um sérstaka arðgreiðslu að upphæð 27 milljarðar og námu heildararðgreiðslur bankans til íslenska ríkisins 37 milljörðum á árinu 2016. **– hae**




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050 mazda.is

# Rekstrinum á Icelandair Group verður ekki gjörbylt

**Nýr stjórnarformaður Icelandair Group, Úlfar Steindórsson, segir engin áform um grundvallarbreytingar á rekstri flugfélagsins. Úlfar telur hátt hlutabréfaverð Icelandair Group í fyrra hafa byggst á óraunhæfum væntingum en að bréfin séu undirverðlögð í dag. Staða forstjóra félagsins sé trygg þrátt fyrir áföllin sem hafa dunið yfir frá áramótum.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Úlfar Steindórsson, stjórnarmaður í Icelandair Group til sjö ára og forstjóri Toyota á Íslandi, var kjörinn stjórnarformaður flugfélagsins í byrjun mánaðarins. Tók hann við stjórnartaumunum á sama tíma og fyrirtækið mætir miklum mótvindi í rekstri og á hlutabréfamarkaði þar sem verðmæti þess hefur rýrnað um 36 prósent síðan í byrjun febrúar.

Stjórnendur Icelandair Group birtu þá svarta afkomuviðvörun sem kom mörgum á óvart. Bókanir höfðu dregist saman, útlit er fyrir að EBIDTA-hagnaður félagsins muni lækka um 30 prósent á þessu ári, eða rétt tæpa sjö milljarða króna, og kjarasamningar við flugmenn Icelandair verða lausir í haust. Verkefnið er ærið og því settist blaðamaður Markaðarins niður með Úlfari.

*Hvaða breytingar fylgja nýrri stjórn Icelandair Group?* „Við erum í grunninn ekki að fara í miklar breytingar á því sem félagið hefur verið að gera. Ný stjórn mun ekki ráðast í breytingar sem voru ekki komnar í vinnslu nokkru áður en hún tók við. Það er mikilvægt að hafa í huga að við höfum vaxið umtalsvert hraðar en markaðurinn í heild undanfarin fimm ár og gerum ráð fyrir að vaxa einnig hraðar á árinu 2017. Þá hefur hagnaðarhlutfall Icelandair Group verið hærra en almennt gengur og gerist í fluggeiranum. Niðurstaðan er sú að viðskiptalíkan okkar hefur skilað örari vexti og betri arðsemi en almennt gerist í flugrekstri.

Það eru auðvitað alltaf einhverjar breytingar í gangi. Meðal annars þær sem Björgólfur [Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group] var að lýsa á aðalfundinum, eða breytingu á uppsetningunni á farþegarýminu í vélunum. Þar ætlum við að fara úr því að vera með Saga Class, Comfort, Economy og verðum eingöngu með Saga Class og Economy. Við ætlum því að breyta því hvernig vélarnar eru settar upp og breyta fargjöldum. Þessi vinna er búin að vera í gangi í töluverðan tíma. Við erum því að halda áfram á sömu vegferð og félagið er búið að vera á en á sama tíma eru menn að laga sig að breyttu umhverfi. Við erum markvisst að vinna í því að takast á við þær áskoranir og það var það sem stjórnendur Icelandair gerðu strax eftir hrun og tókst alveg ótrúlega vel.“

*Hvernig ætlið þið að auka tiltrú á félaginu og mæta aukinni samkeppni?* „Það er reyndar svo að það eru mjög margir sem hafa mikla trú á félaginu. Fjármögnun þess gengur til dæmis mjög vel, bæði hérlendis og erlendis. Það er helst á hlutabréfamarkaðnum hér heima sem tiltrúin hefur minnkað. Að hluta til er það vegna þess að væntingarnar voru orðnar miklar, þrátt fyrir varnaðarorð stjórnenda um að flugrekstur væri í eðli sínu sveiflukenndur og það þyrftu fjárfestar að hafa í huga. Tiltrúin á félaginu á auðvitað að fara eftir árangri í rekstrinum. Það er ekki hægt að framkvæma einhverja galdra til að auka trú á félögum. Það gerist ekki með þeim hætti. Það sem fyrirtæki geta gert er að ná árangri í rekstrinum, eins og Icelandair Group hefur gert hingað til, og þá mun tiltrúin vaxa aftur.

Varðandi samkeppnina, þá er félagið á hverjum tíma að takast á við alls konar áskoranir. Einu sinni var það hátt olíuverð og síðan var það að takast á við þennan svakalega vöxt. Það er mikil áskorun því það er ekki auðvelt að vaxa mikið og svona hratt. Þessi aukna samkeppni byggist annars vegar á því að það eru lággjaldaflugfélög farin að fljúga yfir hafið sem hefur sett pressu á verðið. Stóru flugfélögin lækka þá verðið og það hefur endurspeglast í afkomunni. Þessi breyting á uppsetningunni á fargjaldastrúktúrnum er auðvitað annars vegar viðbrögð við samkeppninni og hins vegar þörfum viðskiptavina. Seinna á árinu verður í boði fargjald sem býður ekki upp á neinn sveigjanleika og nánast enga þjónustu upp í mikinn sveigjanleika og mikla þjónustu. Það eru í raun og veru viðbrögðin við þessum breyttu markaðsaðstæðum. Stærsti hlutinn af framboði Icelandair verður þó það sem við þekkjum flest, eða hefðbundið Economy-fargjald þar sem er ákveðinn sveigjanleiki og ákveðin þjónusta. Stærsti hlutinn af farþegunum er þar og verður þar.“

### Hlutabréfin of ódýr

Hlutabréf í Icelandair Group hafa fallið í verði um 36 prósent síðan félagið birti afkomuviðvörunina þann 1. febrúar. Við lokun markaða í gær nam gengi þeirra 14,2 krónum á hlut en í lok apríl í fyrra, þegar markaðsverðmæti fyrirtækisins var í hæstu hæðum eða 194,5 milljörðum króna, var það í 38,9 krónum. Því liggur beinast við að spyrja Úlfar hvort hlutabréfaverðið nú endurspegli að hans mati raunverulegt verðmæti félagsins eða hvort bréfin séu undirverðlögð.

„Ég held reyndar að hlutabréfaverðið sé lágt og að verðmæti félagsins sé meira. Það hafa verið miklar sveiflur í hlutabréfaverðinu og þegar það fór í hæsta punkt mætti líka halda því fram að væntingarnar hafi verið óraunhæfar. Stjórnendur félagsins bentu reyndar á breytingar til hins verra, bæði á uppgjörsfundi vegna fyrstu sex mánaða í júlí í fyrra, og þegar níu mánaða uppgjörið var kynnt í októberlok, og að meðalfargjöld væru að lækka út af meiri samkeppni. Því virðist eins og að markaðurinn hafi í raun og veru ekki metið þessar viðvaranir eða upplýs-



# Fólk

Viðburðir

MIÐVIKUDAGUR 22. MARS 2017



Músíktilraunir hefjast um helgina en þær skipa enn mjög stóran sess í tónlistarlífi landsmanna. Um 40 hljómsveitir keppast um að komast á lokakvöldið sem fer fram 1. apríl.

viðburðir ➜4






MYND/GVA

# Mælir heils hugar með Bio-Kult Pro-Cyan

Bio-Kult Pro-Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug hefur lengi haft þvagfæra-óþægindi en er betri eftir að hún fékk Bio-Kult Pro-Cyan.

Framhald á síðu 2 ➜



Unglingurinn er ekki alltaf hrifinn þegar foreldri skrifar við færslur hans á samfélagsmiðlum.

# Foreldrar þvælast fyrir á netinu

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Unglingar eru ekkert alltaf sáttir við að foreldrar þeirra séu að þvælast á samfélagsmiðlum, allra síst að kommentera við færslur þeirra. Þeim finnst til dæmis mjög niðurlægjandi ef foreldrar læka við myndir úr partíum sem þau setja á netið.

Elisabeth Staksrud, dósent og rannsóknarmaður við Háskólann í Ósló, hefur tekið viðtöl við 25 þúsund börn og unglinga um samfélagsmiðla og segir að mörg þeirra skammist sín fyrir foreldrana á netinu. „Margir foreldrar kunna ekki nægilega vel á samfélagsmiðla og vita ekki hvernig á að nálgast þá,“ segir hún í samtali við norska ríkisútvarpið, NRK.

Hér eru nokkur góð ráð fyrir foreldra ungmenna sem ágætt er að hafa í huga varðandi notkun á samfélagsmiðlum.

**1) Ekki setja komment við myndir hjá unglingunum**

Rita Astridsdotter Brudalen, ráðgjafi hjá fjölmiðlastofnuninni í Ósló, segist vera sammála því og ekki. „Stundum er algjörlega eðlilegt að foreldrar kommenteri við myndir. Í önnur skipti geta þetta verið myndir sem ekki eru ætlaðar foreldrum. Þá getur vel verið niðurlægjandi fyrir unglinginn ef mamma eða pabbi setja hjarta eða skrifa við myndina.“ Hún segir best að foreldrar ræði þetta við unglingana sína og virði það sem þau leggi til.

**2) Ekki setja selfie-myndir af þér**

Foreldrar kunna ekki endilega að taka selfie-myndir, eru fjölmiðlasérfræðingar sammála um. Þeir eru heldur ekkert sérstaklega klárir á Snapchat. Foreldrar sem setja upp filter-myndir af sér á Snapchat eru ekki kúl samkvæmt unglingnum.

**3) Spurðu unglinginn hvort þú megir tagga hann á myndum**

Börn og unglingar eiga rétt á persónuvernd og foreldrar ættu að hugsa sig tvisvar um þegar þeir setja inn myndir af börnum sínum eða segja af þeim sögur, segir fjölmiðlaráðgjafinn. „Þess vegna er eðlilegt að spyrja krakkana hvort það sé í lagi að setja inn myndir. Alltaf á að virða óskir annarra varðandi samfélagsmiðla,“ segir hann.

**4) Ekki deila öllu á Facebook**

Sumarfrí, afmæli, kvöldmatur eða hvað það er sem fjölskyldan gerir saman. Það þarf ekki að setja allt á Facebook.

Tæknin er frábær en hún gefur foreldrum ekki leyfi til að ganga á rétt barna sinna varðandi persónuvernd.

**5) Foreldrar skilja ekki muninn á einkaskilaboðum, status og mystory**

Margir foreldrar skilja ekki muninn á einkaskilaboðum og status á Facebook. Oft skrifa þeir skilaboð til barna sinna sem allir geta séð. Þar utan setja þeir myndir á my-story á Snapchat sem eru ætlaðar fáum vinum en fara um allt.

**6) Foreldrar ættu að kynna sér reglur á samfélagsmiðlum**

Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hvernig samfélagsmiðlarnir virka, Instagram, Facebook, Snapchat og Twitter.

**7) Ekki skrifa illa um aðrar manneskjur á netinu**

Mundu að hægt er að deila því sem þú segir á netinu. Gættu að orðum þínum. Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna á netinu sem annars staðar.



Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro-Cyan þegar hún finnur fyrir þvagfæraóþægindum. MYND/GVA

Framhald af forsíðu ➪




Margar konur þjást af þvagfæraóþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfæraóþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraóþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar.

„Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir.

Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro-Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann ég fljótlega að það virkaði mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri,“ segir Guðlaug ánægð.

> Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri.

**Tryggir heilbrigða þvagrás**

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvaginu.

Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skolar bakteríunni út með þvaginu.

Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás.

Hylkin innihalda trönuberjaextrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig til að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio-Kult Pro-Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna
- Öflug melting og betra jafnvægi -

Bio-Kult Candéa
Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.
Inniheldur:
Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, hvítlauk og grape seed extract.



Bio-Kult Original
Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.
Inniheldur:
Góðgerlablöndu af 14 sýruþolnum gerlastrengjum.



Bio-Kult Pro-Cyan
Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.
Inniheldur:
Góðgerlablöndu af 2 sýruþolnum gerlastrengjum, trönuberjaþykkni og A-vítamín.



Bio-Kult Infantis
Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.
Inniheldur:
Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.



Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á www.icecare.is

LYFJA
– Lifið heil

ORIGINS

NÚ GETUR ÞÚ NÁLGAST

# UPPÁHALDS ORIGINS

vörurnar þínar í Lyfju Lágmúla




GinZing™
Energy-boosting moisturizer
*Orkugefandi dagkrem*
*3.699 kr.*

Í tilefni þess að Origins vörurnar eru nú fáanlegar í Lyfju Lágmúla verður
20% afsláttur af öllum Origins vörum í versluninni dagana 22.- 25. mars.

Sérfræðingur frá Origins verður á staðnum.

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is



Í framkvæmdanefnd Músíktilrauna eru f.v. Friðrik Agni Árnason verkefnastjóri, Ása Hauksdóttir og Curver Thoroddsen. MYND/VILHELM

# Söguleg hátíð

**Músíktilraunir hefjast um helgina en þær skipa enn mjög stóran sess í tónlistarlífi landsmanna. Um 40 hljómsveitir keppast um að komast á lokakvöldið í Hörpu 1. apríl.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Músíktilraunir hefjast í Hörpu á laugardaginn og standa yfir í fimm daga. Tónlistarhátíðin, sem er fyrir löngu orðin einn af helstu föstu punktunum í íslensku menningarlífi, á sér yfir 30 ára sögu en fyrstu tilraunirnar fóru fram árið 1982. Margir sigurvegarar Músíktilrauna hafa náð langt og notið vinsælda hérlendis sem erlendis og má þar nefna Of Monsters and Men, Samaris, Agent Fresco og Mammút, svo nokkrar nýlegar sigursveitir séu taldar upp.

Þótt umhverfi tónlistarmanna hafi gjörbreyst á undanförnum 10-15 árum segir Friðrik Agni Árnason, verkefnastjóri Músíktilrauna, þær enn hafa gríðarlega mikið gildi þegar kemur að mótun ungra tónlistarmanna hér á landi. „Þegar keppnin hófst var staða tónlistar og vettvangur hennar allt öðruvísi en í dag. Þá gekk keppnin út á að gefa ungu tónlistarfólki færi á að spila tónlistina sína fyrir áhorfendur og að taka tónlistina upp í hljóðveri.“ Auk Friðriks sitja þau Ása Hauksdóttir og Curver Thoroddsen í framkvæmdanefnd Músíktilrauna.

Í dag hafa Músíktilraunir þróast yfir í að vera stór tónlistarhátíð frekar en keppni, segir Friðrik. „Það er mikilð lærdómsferli fyrir alla að taka þátt því hátíðin er orðin svo fagleg. Ungt fólk fær tækifæri til þess að æfa sig í að koma fram í alvöru tónleikaaðstöðu þar sem einungis fagaðilar koma að. Vinningshljómsveitum er sérstaklega veitt mikil eftirfylgni og þær fá tækifæri til að spila mikið.“

## Mikill lærdómur

Nefnir hann þar t.d. samstarf Hins hússins við Stage Europe Network. „Það samstarf hefur líka auðgað reynsluna sem vinningshljómsveitir hljóta en þá fara þær út og vinna í samstarfi við aðra tónlistarmenn í Evrópu og spila á hátíðum. Þannig að þetta er risastór lærdómsvettvangur fyrir allar hljómsveitir sem taka þátt.“

Undankvöldin eru fjögur þar sem um 40 hljómsveitir keppa að því takmarki að komast áfram á úrslitakvöldið sem er haldið 1. apríl. „Það sem gerir Músíktilraunir svona skemmtilegar er að tónlistin er svo fjölbreytt. Það er nokkuð mikið um hip-hop, rapp og r&r stemmara í ár. Sennilega meira en hefur verið og það er kannski núverandi senu að þakka og t.d. listamönnum á borð við Emmsjé Gauta, Úlfur Úlfur, Sturlu Atlas og fleiri. Það sem gleður okkur mjög er að aukin þátttaka stelpna er greinileg síðustu tvö árin þannig að við vonum svo sannarlega að sú þróun haldi áfram.“

Um 10-12 hljómsveitir komast í úrslit og hljóta efstu þrjár sveitirnar glæsileg verðlaun. Efnilegustu hljóðfæraleikararnir eru einnig valdir af dómnefnd en áhorfendur velja vinsælustu hljómsveitina með símakosningu. Úrslitakvöldið verður sent beint út á Rás 2 og streymt beint á ruv.is.

Undankvöldin verða 25. til 28. mars í Hörpu og úrslitakvöldið er 1. apríl. Nánari upplýsingar er að finna á musiktilraunir.is og Facebook undir Músíktilraunir.




Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

IDEX
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700
idex@idex.is - www.idex.is

Byggðu til framtíðar
með lausnum frá IDEX

333 kr á dag*




*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365

OPIÐ HÚS Í MK

Í DAG 22. mars

Kl.16.30-18.30

Menntaskólinn í Kópavogi

Þekking - þroski - þróun - þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel– og matvælaskólinn
Ferðamálaskólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Alþjóðabraut
Félagsgreinabraut
Opin braut
Raungreinabraut
Viðskiptabraut
Framhaldsskólabraut
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Kjötiðn - kjötiðnaðarmaður
Matreiðsla - kokkur
Grunndeild matvæla– og ferðagreina

Ferðamála– og leiðsögunám
Matsveina– og matartæknanám
Meistaranám í matvælagreinum

Hjartað slær í MK



Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans

# PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ

## ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUNUM




FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

*Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.*

# Keypt & Selt

## Til sölu




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

4ja herbergja 95fm í búð á Skagaströnd til leigu. Leiga 110 þús. pr. mán. S: 847 8446

## Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæða-timburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.

Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU 50 M2**

Gott atvinnubil í Steinhellu með 4 m lofthæð. Nýtt og snyrtilegt. Fyrir snyrtilega starfsemi. S: 770-0111

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ Í BREIÐHOLTI**

Starfskraftur óskast í bakarí virka daga 13-18:30 og aðra hvora helgi. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára. Þarf að geta hafið störf 1. mai.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**kvosin** FERSKT OG FLJÓTT

Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling aðra hvora helgi. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is

**STARFSFÓLK Í AFGREIÐSLU KORNIÐ / FJARÐABAKARÍ**

Óskum eftir starfsfólki 18 ára og eldri í afgreiðslu í bakarí okkar bæði virka daga og á helgarvaktir. Áhugasamir sendi umsóknir á umsokn@kornid.is

## Atvinna óskast

**Verkleigan** vinna@verkleigan.is S: 780-1000

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**

Erum með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími: 780-1000

e: vinna@verkleigan.is

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

**KRANAMENN - TÆKJAMENN**

Erum með klára kranamenn og tækjamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**VERKAMENN**

Erum með klára verkamenn sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BIFVÉLAVIRKJAR - MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR**

Erum með klára bifvélavirkja og meiraprófsbílstjóra sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**BAKARAR**

Erum með klára bakara sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

**UPPSLÁTTASMIÐIR - SMIÐIR**

Erum með klára uppsláttasmiði og smiði sem geta hafið störf innan skamms. Handafl ehf Starfsmannaveita S: 777-2-333

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU LÍTIL BÍLALEIGA**

Tvær heimasíður - tvöföld markaðssetning. Bara rekstur - engir bílar fylgja. Góður stökkpallur inn á ört vaxandi markað. Auðveld kaup og gott tækifæri. V: 7,9 m. Uppl. í S: 770-0111




**GEFÐU VATN**

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar


## Húsnæði óskast

### Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á: **sendtohelgi@gmail.com**

## Fasteignir

**HÚSASALAN**



### Heiðnaberg 2 - Opið hús

**Laugardaginn 25.mars kl.14:15-15:00**

Endaraðhús 172 fm á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Forstofa, gestasnyrting, gott stigahol, rúmgóð stofa, opið eldhús, þvottaherbergi og geymsla. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi, hol og baðherbergi. Verð 58,9 m.



Geir Sigurðsson
s: 655-9000
löggiltur fasteignasali

JÁKVÆÐNI - HREINSKILNI - SAMVISKUSEMI - 30 ÁR - REYNSLA Í SÖLU FASTEIGNA

FÉLAG FASTEIGNASALA



Aðalsteinn Steinþórsson
s: 896-5865
aðstm. fasteignasala

**Vantar eignir í sölu. Hafið samband.**

**Síðumúla 33 - 537-9000**

**husasalan.is - husasalan@husasalan.is**

## Tilboð

# Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



## Tilboð

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**

***á aðeins 5.500.-***

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



## Fundir

# Ársfundur

Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands boðar til ársfundar **fimmtudaginn 6. apríl 2017 kl. 16:30 í húsnæði LSR, Engjateigi 11** (gengið inn að vestanverðu).

**Dagskrá:**
Skýrsla stjórnar.
Frumvarp varðandi nýtt rekstrarform á sjóðnum kynnt.
Önnur hefðbundin ársfundarmál.

Allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

***Stjórnin.***

# KYNNINGARFUNDUR

**Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 23. mars kl. 17 í Hafnarborg, Strandgötu 34 Hafnarfirði. Kynnt verður breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðarinnar við Fornubúðir 5.**

Á fundi Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 1. febrúar 2017 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í tillögunni er gert ráð fyrir heilmild til að reisa skrifstofu- og þjónustuhús og breyta hámarkshæð bygginga og húsagerð, stækkun byggingarreits, hækkun nýtingarhlutfalls og heimildar til byggingar bílakjallara.

Nánari upplýsingar veitir umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar.

Hlökkum til að sjá ykkur!

**Nánar á hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Fasteignir

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

# Búmenn auglýsa íbúð

**Búseturéttur á markaðsverði**

### Prestastígur 6, íb. 203, fjölbýli í Reykjavík

Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð sem er um 108,4 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Íbúðin er á annarri hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Aðgangur að samkomuhúsi fylgir. **OPIÐ HÚS 23.MARS kl 17:30 til 18:00**

**Ásett verð búseturéttarins er kr. 8,6 millj. og eru mánaðargjöldin um 191.000.-.**

*Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.*



Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-12 og 13-15.
Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðirnar á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is**

TRAUSTI fasteignasala



***Kristján Baldursson hdl.***
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari 867-3040*



***Guðbjörg Matthíasdóttir.***
*hdl. Sölufulltrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna- fyrirtækja- og skipasölu. S: 899-3984*

# Laugavegur 144, 105 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG 22. MARS KL. 17:00-17:30**




Rúmgóð 80,3 fm 3ja herbergja íbúð í miðbænum. Eign sem býður upp á ýmsa möguleika. Góð staðsetning. Mikil uppbygging í vændum í hverfinu og við Hlemm. **Verð: 37,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**


# ALLTAF VIÐ HÖNDINA

**Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu**




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store | Get it from Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


## Tilkynningar

**Faxaflóahafnir sf**
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

# Samkeppni um gerð listaverks til að minnast atvinnuþátttöku kvenna við Gömlu höfnina í Reykjavík

Faxaflóahafnir fagna í ár 100 ára afmæli Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Af því tilefni hefur verið ákveðið að efna til samkeppni um gerð útilistaverks við Gömlu höfnina þar sem minnst verður hlutdeildar kvenna í starfsemi og sögu hafnarinnar. Auglýst er eftir myndlistarmönnum til að taka þátt í forvali að lokaðri hugmyndasamkeppni.

**Hugmynd**
Listaverkinu er ætlað að minnast atvinnuþátttöku kvenna við Gömlu höfnina í Reykjavík. Verkið mun verða kennileiti við Gömlu höfnina og hluti af því margbreytilega svæði sem nær frá Hörpu út á Granda. Mikilvægt er að verkið taki tillit til umhverfisins og falli vel að svæðinu.

**Verk og staðsetning**
Svæðið sem um ræðir nær frá Miðbakka að Sjóminjasafninu á Grandagarði. Umsækjendum er frjálst að koma með tillögu að staðsetningu á einhverjum af þeim stöðum sem merktir hafa verið inn á kort sem má nálgast á vef Faxaflóahafna. Verkið þarf að geta staðið sjálfstætt og því ekki gert ráð fyrir að verkið tengist öðrum byggingum eða mannvirkjum.

**Samkeppnin**
Samkeppnin mun fara fram samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Um er að ræða lokaða samkeppni með forvali. Sérstök forvalsnefnd skipuð fulltrúum frá Faxaflóahöfnum og SÍM mun velja úr innsendum umsóknum allt að fimm myndlistarmenn til þess að taka þátt í samkeppninni. Þeir listamenn sem valdir verða til þátttöku í lokaða hluta keppninnar fá greiddar 400.000 kr. hver fyrir að skila inn vel útfærðri tillögu. Dómnefnd skipuð fulltrúum Faxaflóahafna og SÍM munu síðan velja eina af tillögunum til útfærslu. Vinningstillagan mun hljóta 600.000 kr. í verðlaun.

**Fjárhagsrammi**
Faxaflóahafnir munu standa straum af öllum kostnaði við gerð og uppfærslu verksins, en heildarkostnaður má nema allt að 20 miljónum króna. Innan þess fjárhagsramma skal rúmast allur kostnaður við verkið; undirbúningur, efni, framkvæmd og aðkeypt vinna auk höfundargreiðslu og þóknunar til listamannsins.

**Umsókn um forval:**
Rétt til að sækja um í forvali hafa allir myndlistarmenn. Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á vef Faxaflóahafna. Í umsókninni skal gera grein fyrir áhuga á verkefninu, forsendum og hæfni til að útfæra varanlegt útilistaverk auk lauslegrar hugmyndar að fyrirhuguðu verki. Umsóknir um þátttöku í samkeppninni verða að hafa borist fyrir kl. 17:00 mánudaginn 24. apríl næstkomandi.

**Öllum umsækjendum í forvalshluta verður svarað fyrir 22. maí. Skilafrestur tillagna í lokaða hluta samkeppninnar verður 18. september og munu úrslit hennar kynnt um miðjan október.**

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Faxaflóahafna** www.faxafloahafnir.is.

## Atvinna

Persónuvernd

*Persónuvernd er sjálfstætt stjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglna settra samkvæmt þeim.*
*Persónuvernd er lítill, fjölskylduvænn og samhentur vinnustaður*

# LÖGFRÆÐINGAR

## LAUSAR STÖÐUR HJÁ PERSÓNUVERND!

***Persónuvernd stendur á miklum tímamótum þar sem nýlega voru samþykktar umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á evrópskri persónuverndarlöggjöf í rúm 20 ár. Breytingarnar snerta alla borgara, stofnanir og fyrirtæki landsins. Breytingarnar eru svar löggjafans við tæknibyltingunni og hinni gríðarlegu upplýsingasöfnun og úrvinnslu persónuupplýsinga sem henni fylgir. Vegna þessa eru nú auglýstar til umsóknar tvær stöður lögfræðinga hjá Persónuvernd. Leitað er að framúrskarandi einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við áskoranir og leggja á sig það sem þarf til að ljúka góðu dagsverki!***

**HELSTU VERKEFNI:**

- Hefðbundin lögfræðistörf, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum og álitum
- Afgreiðsla fyrirspurna
- Önnur verkefni sem forstjóri kann að fela starfsmanni, m.a. vegna fyrirsjáanlegra breytinga á verkefnum Persónuverndar

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2017.** Umsóknir skulu berast á netfangið postur@personuvernd.is merkt „Umsókn um starf lögfræðings". Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.
**Nánari upplýsingar veitir Helga Þórisdóttir, forstjóri** í síma 510-9600, farsíma 844-8386 eða í tölvupósti helgathoris@personuvernd.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Persónuvernd, Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**
**www.personuvernd.is**



Úlfar Steindórsson hefur setið í stjórn Icelandair Group frá 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Tíu prósenta launahækkun á ári tekur á í rekstri alls staðar.**

**16**

**flugvélar af gerðinni Boeing 737MAX eru væntanlegar.**

**Varðandi það hvort menn hafi vanmetið lággjaldaflugfélögin má til sanns vegar færa að menn hafi ekki gert ráð fyrir því að lággjaldaflugfélögin færu að fljúga yfir hafið í þessum mæli og að hefðbundnu flugfélögin myndu lækka verðin svona mikið.**

ingar með alveg réttum hætti.

Breytingarnar í bókunarflæðinu síðari hluta janúarmánaðar urðu svo mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Reglur Kauphallar eru skýrar og félagið tilkynnir um leið og upplýsingarnar liggja fyrir. Ytri aðstæður Icelandair eiga að sjálfsögðu við um aðra sem keppa á sömu mörkuðum. Við höfum séð mjög mörg flugfélög taka mun meiri pressu á flugfargjöld á þessu ári en þeim síðustu. Til viðbótar er Icelandair, eins og önnur íslensk ferðaþjónustufyrirtæki, að glíma við styrkingu íslensku krónunnar og launahækkanir umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar eru að fást við.“

*Hafa stjórnendur félagsins tekið rangar ákvarðanir að þínu mati?* „Þegar menn eru í rekstri, alveg sama hvaða rekstur það er, eru þeir alltaf að vinna með ákveðnar forsendur og ef þær breytast þarf að bregðast við. Hjá okkur fóru forsendurnar að breytast á síðasta ári og þá brugðumst við við en það er ekki hægt að gera einn, tveir og þrír. Þú ert inni í ákveðnum ferlum og kerfum og að selja tólf mánuði fram í tímann þannig að það þarf að vanda sig vel. Ég sé því ekki að það hafi verið gerð mistök heldur hafi menn byrjað strax að bregðast við þessum breytingum. Félagið var rekið með mjög góðum hagnaði á síðasta ári og áætlanir gera ráð fyrir 140-150 milljóna Bandaríkjadala EBITDA á þessu ári. Menn eru búnir að vinna í töluverðan tíma við að bregðast við þessu en það tekur tíma.“

**Vanmat að hluta**

Þegar ljóst var að bókunarflæði Icelandair hefði breyst til hins verra í lok janúar, og meðalfargjöld lækkað umfram spár, voru stjórnendur Icelandair verið gagnrýndir fyrir að hafa vanmetið samkeppnina frá lággjaldaflugfélögum á borð við Norwegian. Á uppgjörsfundi félagsins þann 7. febrúar síðastliðinn var Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, spurður hvort ekki hefði komið til skoðunar að skipta félaginu í tvö fyrirtæki eða annars vegar lággjaldahluta og hins vegar núverandi viðskiptamódel. Úlfar segir rétt að félagið hafi á vissan hátt vanmetið lággjaldafélögin.

„Icelandair hefur skoðað lággjaldamódelið í gegnum tíðina og það að setja upp annað flugfélag hefur ekki verið talið skynsamlegt. Því er verið að bregðast við því módeli með þeim breytingum sem ég hef nefnt. Varðandi það hvort menn hafi vanmetið lággjaldaflugfélögin má til sanns vegar færa að menn hafi ekki gert ráð fyrir því að lággjaldaflugfélögin færu að fljúga yfir hafið í þessum mæli og að hefðbundnu flugfélögin myndu lækka verðin svona mikið. Á hinn bóginn höfum við alltaf gert ráð fyrir að sveiflur yrðu í rekstrinum, sagan hefur kennt okkur það, flugrekstur er einfaldlega þannig.

Nákvæmlega af hverju og hvenær sveiflur koma er erfitt að spá um. Stefna okkar varðandi lykilhlutföll í efnahagsreikningi hefur endurspeglað þessa afstöðu og félagið því vel í stakk búið til að takast á við sveifluna sem við erum að fara í gegnum núna og jafnvel grípa þau tækifæri sem hún gæti skapað.“

*Hvernig metur þú stöðu Björgólfs, forstjóra Icelandair Group?* „Hún er góð. Miðað við þann árangur, og fólksins sem hann er að vinna með, sem Björgólfur hefur náð frá því að hann tók við félaginu á gríðarlega erfiðum tímum og tekist að byggja upp þetta fyrirtæki með aðsömum innri vexti, og félagið er gríðarlega fjárhagslega sterkt, sé ég ekki að hans staða hafi breyst. Það er allavega engin umræða um það innan félagsins. Eins og áður segir hefur flugrekstur alltaf verið sveiflukenndur og fyrir vikið höfum við verið í þeirri vinnu að byggja upp eigið fé félagsins því menn vita af þessum sveiflum.“

**Erfiðar hækkanir**

Launakostnaður félagsins hækkaði um 29 prósent á fjórða ársfjórðungi 2016 á meðan tekjur jukust um tólf prósent. Samningar við flugmenn dótturfélagsins Icelandair verða lausir í haust en fyrir þremur árum, þegar síðast var samið um kjör starfsmannanna, fóru þeir í kostnaðarsöm verkföll áður en samið var.

„Í fyrsta lagi er félagið alltaf að stækka og því er um mun fleiri starfsmenn að ræða milli ára. Á Íslandi almennt, alveg eins og hjá Icelandair, voru gerðir samningar hér fyrir tveimur til þremur árum þar sem í rauninni var verið að semja um laun sem eru ekki í neinu samræmi við breytingar annars staðar. Fyrir vikið er þessi launaþróun komin inn í rekstur allra félaga og svo bætist við styrking krónunnar, og þetta þýðir að þú ert með lægri tekjur inn en kostnaðurinn er að aukast út af þessum miklu launahækkunum. Það eru lausir samningar við flugmenn og svo á næsta ári eru almennir kjarasamningar að losna þannig að ég held að menn verði að fara að horfa á þetta í samhengi við hvað er að gerast annars staðar. Tíu prósenta launahækkun á ári tekur á í rekstri alls staðar.“

**29%**

**hækkun varð á launakostnaði Icelandair Group á fjórða ársfjórðungi 2016.**

*Það hefur verið bent á hversu fáir úr stjórnendateymi Icelandair eiga bréf í félaginu og þannig beinna hagsmuna að gæta. Þarf að breyta þessu?* „Þetta getur unnið bæði með og á móti. Það er mín skoðun. Því meira sem þú getur tengt saman hagsmuni þeirra sem starfa í viðkomandi félagi og þess sjálfs, þá er það oft á tíðum mjög góð tenging. Stundum hafa menn farið út í það að skuldsetja sig til að kaupa hlutafé í félaginu sem þeir starfa hjá. Það er ekki góð reynsla af þannig gjörningum en við sáum hversu margir fóru illa út úr slíkum gjörningum í hruninu. Aðrir hafa bent á að kaupréttarsamningar eru ekki í gildi við helstu stjórnendur fyrirtækisins en það er enn og aftur eitt af því sem er í skoðun. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir sem komu inn í félagið eftir hrun, eigendurnir, bæði Framtakssjóðurinn og síðar lífeyrissjóðirnir, hafa ekki haft mikinn áhuga á kaupréttarsamningum. Ég bendi þó á að félag eins og Marel, sem er að hluta til í eigu lífeyrissjóða, er með svona samninga. Þetta þarf að vera vilji hluthafa og við sem sitjum í stjórn hverju sinni erum fulltrúar þeirra en félagið þarf þá að kaupa bréf til að afhenda á ákveðnum tíma.“

*Hvaða áætlanir eru í gangi til að efla aðra þætti rekstursins eins og til dæmis hótelstarfsemina?* „Varðandi Icelandair-hótelin hefur félagið verið í mikilli uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. Sú uppbygging hefur leitt til þess að þar er nú boðið upp á gæðagistingu og góða þjónustu. Áherslan hjá Icelandair hefur alltaf verið sú að við séum ekki að búa til stór hótel með mörgum herbergjum sem kosta lítið heldur að byggja upp gæðahótel sem standast samanburð við góð hótel erlendis. Hóteluppbygging úti á landi hefur verið krefjandi hjá Icelandair Hotels eins og mörgum öðrum. Icelandair Hotels byggði á Akureyri og er að undirbúa ákveðnar breytingar við Mývatn og er með hótel á Egilsstöðum – en ef þú horfir heilt yfir er uppbygging hótela og gistirýma úti á landi í rauninni eitthvað sem hefur setið eftir. Það er verið að tala um að dreifa ferðamönnum út um allt land, sem er reyndar algjörlega nauðsynlegt ef ferðaþjónustan á að vaxa og dafna áfram.

Icelandair Hotels hefur verið að vinna í þessum málum og að arðbærum heilsársrekstri. Nýtingin hefur verið að aukast síðustu tvö til þrjú árin og innan Icelandair Hotels hefur mikil vinna verið unnin við að greina hvar sé skynsamlegt að byggja upp. Reksturinn á hótelum úti á landi hefur verið erfiðari af því hann nær ekki að vera heilsársrekstur eins og á hótelum í Reykjavík. Þau voru það ekki fyrir fimm árum en þetta hefur breyst mjög hratt.“

*Kemur til greina að selja fasteignir í eigu Icelandir Group og gera þess í stað langtímaleigusamninga?* „Enn og aftur er þetta eitt af þessum málum sem eru alltaf í skoðun. Á síðasta ári voru allar fasteignir settar inn í eitt félag. Inni í þessum eignum eru lykileignir, eins og skýlin úti á Keflavíkurflugvelli, sem menn myndu nú ekki vilja að yrðu komnar í eitthvert félag þriðja aðila. Það sem ég held, og menn átta sig ekki alltaf á, er að ef þú selur allar eignirnar og leigir þær til baka, því hærra söluverð sem þú fengir fyrir eignirnar því hærra leiguverð værirðu að greiða inn í framtíðina.“

**Boeing bauð betur**

Þegar fer að líða að lokum viðtalsins nefnir Úlfar að fyrra bragði umfjöllun Morgunblaðsins um flugvélakaup Icelandair. Í frétt blaðsins var fullyrt að stjórnendur fyrirtækisins hefðu sofið á verðinum þegar kemur að endurnýjun flugflotans og kaup á sextán vélum af gerðinni Boeing 737MAX voru gagnrýnd.

„Við erum á mjög spennandi stað með uppbyggingu flugvélaflota félagsins. Umræðan þar hefur verið mjög sérstök. Fréttin sem var í Morgunblaðinu hafði ekkert með raunveruleikann að gera. Í fyrsta lagi erum við með vélar í flotanum, Boeing 757, sem hafa reynst félaginu mjög vel. Drægi þeirra hentar núverandi leiðakerfi Icelandair frábærlega. Aldur véla ræðst annars vegar af lendingum og hins vegar fjölda ferða. Þar eiga flugvélar Icelandair mörg ár eftir. Hreyflar, innréttingar og fleira er endurnýjað reglulega.

Í öðru lagi hafa einhverjir talað um að samningur Icelandair við Boeing um kaup á MAX-737 vélinni hafi verið mistök af því að það væru til vélar hjá Airbus sem væru betri og í frétt á dögunum var vitnað í ónafngreinda sérfræðinga um þetta. Ég veit ekki hverjir þeir eru því þessar vélar eru mjög sambærilegar og voru bornar saman af sérfræðingum Icelandair og öðrum og það liggur fyrir að þær eru mjög áþekkar. Og þegar það var verið að skoða þær bauð Boeing á endanum betur þegar tekið var tillit til allra mögulegra þátta. Þessar vélar eru að mínu mati frábær fjárfesting fyrir Icelandair Group.“




Árið 2017 verður krefjandi hjá Icelandair Group og ráðist verður í breytingar á fargjöldum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýr formaður VR er nýbyrjaður á Twitter

## Svipmynd
**Ragnar Þór Ingólfsson**

Ragnar Þór Ingólfsson er nýr formaður VR en hann er fæddur og uppalinn Breiðhyltingur. Hann er stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og var sölustjóri hjá Erninum frá 1992 til 2016. Ragnar hefur setið í stjórn VR frá árinu 2009 og kom það sama ár að stofnun Hagsmunasamtaka heimilanna. Þá er hann stjórnarmaður í Lauf Forks, einn af stofnendum Reykjavík Bacon Festival og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Án efa það að vera kosinn formaður VR með eins afgerandi hætti og raunin varð og finna fyrir þessum ótrúlega stuðningi úti í samfélaginu. Einnig að hafa samþykkt gæludýr inn á heimilið og horfa á Friends sem ég hafði ekki gert áður.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Facebook- og Messenger-öppin og var að byrja á Twitter. Ég stefni á að byrja á Instagram fyrir áramót og Snapchat fyrir dymbilviku 2018. Tek eitt app í einu.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Fyrir utan að skrifa um þjóðfélagsmálin og vera með fjölskyldu og vinum veit ég fátt skemmtilegra en að hjóla og ferðast innan lands sem utan. Ég reyni að komast á skíði eftir því sem tími og veður leyfir. Ég er trommuleikari og hefur tónlistin átt stóran þátt í lífi mínu og ég veit fátt betra en að telja í með góðum vinum og losna þannig við amstur dagsins.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Á veturna spila ég fótbolta tvisvar í viku og hjóla heima á trainer. Á sumrin og haustin eyði ég mestum tíma á hjólinu. Ég set mér markmið fyrir hvert ár, í fyrra hjólaði ég 300 km í kringum Vättern í Svíþjóð en í ár verða hjólamarkmiðin innanlands eins og Bláalónsþrautin, Gullhringurinn og Vesturgatan.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Pink Floyd og Bítlarnir eru í uppáhaldi. Þessa dagana er ég að hlusta á Dire Straits plötuna Brothers in Arms sem kemur mér alltaf niður þegar álag er mikið. Depeche Mode líka en búið er að bóka miða á tónleika með góðum vinum í sumar. Tónlistarsmekkurinn spannar frá klassík og djassi yfir í þungarokk og allt þar á milli.

*Ertu í draumastarfi þínu?* Ég lauk 25 ára starfsferli hjá Reiðhjólaversluninni Erninum fyrir skemmstu og starfaði þar með frábæru og hörkuduglegu sómafólki. Starfið sem ég er að taka við er einnig sannkallað draumastarf. Að fá að starfa við áhugamál sín og ástríðu eru algjör forréttindi sem ég hef borið gæfu til að njóta hingað til.



Ragnar Þór Ingólfsson, nýr formaður VR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Brauð & Co við Frakkastíg var opnað í mars 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stefnt að opnun Brauðs & Co við hlið Kaffi Vest

**Viðræður eru milli eigenda Brauðs & Co og Kaffihúss Vesturbæjar um opnun á bakaríi við Melhaga. Stefnt að opnun í haust en samkomulagið er ekki frágengið. Verður fjórða bakarí fyrirtækisins á rúmu einu og hálfu ári ef samningar nást.**

Eigendur Brauðs & Co eiga í viðræðum um opnun á súrdeigsbakaríi við hlið Kaffihúss Vesturbæjar (Kaffi Vest) við Melhaga. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er gert ráð fyrir að bakaríið verði opnað í haust í verslunarplássi þar sem Gamla apótekið var áður til húsa.

Brauð & Co rekur nú bakarí við Frakkastíg 16 í miðborg Reykjavíkur og til stendur að opna tvö til viðbótar. Ágúst Einþórsson, bakari og stofnandi fyrirtækisins, vildi ekki tjá sig um það hvort til stæði að opna það fjórða við hlið kaffihússins. Húsnæðið þar er í eigu eigenda Kaffihúss Vesturbæjar og hafa viðræðurnar samkvæmt heimildum staðið yfir í nokkra mánuði.

Áform eigenda Brauðs & Co eru að nýtt bakarí verði opnað fyrir páska í húsnæði Gló í Fákafeni. Líkt og kom fram í frétt Morgunblaðsins verður þriðja bakaríið opnað í Mathöllinni á Hlemmi síðar í vor. Fyrsta bakaríið var opnað í mars í fyrra og því útlit fyrir að þau verði fjögur einungis einu og hálfu ári eftir opnun þess fyrsta.



Gamla apótekið var áður rekið þar sem fjórða bakarí Brauðs & Co kann að verða opnað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kaffi Vest er eitt af vinsælli kaffihúsum borgarinnar og í eigu þeirra Gísla Marteins Baldurssonar sjónvarpsmanns, Péturs Hafliða Marteinssonar, fyrrverandi knattspyrnumanns og eins eigenda Kex Hostels, Einars Arnar Ólafssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og Kristins Vilbergssonar, hluthafa í Kex Hosteli. Brauð & Co er í eigu Ágústs Einþórssonar, Gló veitinga ehf. og Þóris Snæs Sigurjónssonar. Gló er aftur í eigu hjónanna og fjárfestanna Birgis Þórs Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur og hjónanna og stofnenda Gló, Sólveigar Eiríksdóttur og Elíasar Guðmundssonar. **haraldur@frettabladid.is**

# Stærð íslensku bankanna



**Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka**

Mikil umræða hefur verið á Íslandi síðustu árin um það hvernig bæta megi íslenska bankakerfið og tryggja að það sinni sínu hlutverki sem best, en lágmarka um leið þá áhættu sem af því getur skapast. Ein spurningin er hver sé rétt stærð á bönkunum.

**Samanburður við útlönd**

Fyrst er rétt að huga að því hvernig íslenska bankakerfið er í samanburði við nágrannalöndin. Á Íslandi hefur kerfið minnkað úr rúmlega áttfaldri landsframleiðslu árið 2008 niður undir tvöfalda landsframleiðslu í lok árs 2014. Kerfið hefur því minnkað um tæp 80% samkvæmt þeim mælikvarða og er nú hóflegt að stærð ef við berum okkur saman við hin Norðurlöndin.

**Nágrannalöndin**
Hlutfall af landsframleiðslu




**Íslenskur útlánamarkaður**

Mikið er rætt um skort á samkeppni á innanlandsmarkaði með bankaþjónustu, en þegar betur er að gáð má sjá að hlutdeild íslensku bankanna er einungis um 50% í útlánum til fyrirtækja og húsnæðislánum til einstaklinga. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru mjög virkir í báðum flokkum og á fyrirtækjamarkaði hafa erlendir lánveitendur töluverða aðkomu, þó svo að hún einskorðist fyrst og fremst við einstaka geira og stærri fyrirtæki.

**Samsetning efnahagsreiknings banka**

Af heildareignum íslensku bankanna eru um 70% í formi útlána, rúmlega 20% í formi lausafjáreigna og aðrar eignir nema einungis tæplega 10% af eignum. Lausafé er ekki ráðlegt að minnka og það er því fyrst og fremst minnkun á lánasafninu sem hefði einhver veruleg áhrif á stærð efnahagsreikninganna.

Um 40% af lánasafni íslensku bankanna eru lán til einstaklinga en um 60% lán til fyrirtækja, sem teljast flestöll til lítilla eða meðalstórra fyrirtækja á alþjóðavísu. Af útlánunum eru um 18% í erlendum myntum og einungis lítill hluti þeirra út fyrir landsteinana. Útlánin eru því að nánast öllu leyti til innlendra lántaka og ætlað að tryggja grundvöll heilbrigðs efnahagslífs hérlendis. Í Evrópu og Bandaríkjunum beinist þungi umræðunnar varðandi bankakerfin að töluverðu leyti að því hvernig best er hægt að tryggja aðgang að fjármagni og leitað er leiða til að hvetja banka til útlána til einstaklinga og minni fyrirtækja.

> **Íslenska bankakerfið er nú einungis um fjórðungur af stærð kerfisins fyrir bankahrunið 2008.**
>
> Jón Guðni Ómarsson

Rétt er einnig að nefna að bankar og aðrir lánveitendur eiga vitanlega að vanda til verka varðandi lánveitingar, þannig að gætt sé hófs í útlánavexti og gengið fram af ábyrgð og varfærni.

**Niðurstaða**

Íslenska bankakerfið er nú einungis um fjórðungur af stærð kerfisins fyrir bankahrunið 2008. Stærð kerfisins er einnig í línu við það sem við sjáum í nágrannalöndunum. Á efnahagsreikningum bankanna má fyrst og fremst finna lausafé og hefðbundnar lánveitingar til einstaklinga og fyrirtækja. Vandséð er því hvernig ná má fram verulegri minnkun á efnahagsreikningi bankanna án þess að það hafi neikvæð áhrif á efnahagslífið.

Í ljósi sterkrar eiginfjárstöðu íslensku bankanna eru hins vegar tækifæri til arðgreiðslna á komandi misserum og munu þær greiðslur renna að mjög stórum hluta til íslenska ríkisins.

## *FJARVINNUPAKKI*

# 365

Fyrirtæki, sem greiða fjarvinnutengingar starfsmanna, geta núna fært starfsfólki sínu fyrsta flokks sjónvarpsafþreyingu.




INNIFALIÐ ER:

**ENDALAUST INTERNET**
**NETBEINIR**
**SKEMMTIPAKKINN**




*Verð: 8.863 kr. (án vsk.)*

### *SKEMMTIPAKKANUM FYLGIR*

MARAÞON NOW
Krakkar
BÍÓ
Tónlist

### *HAFÐU SAMBAND*

512-5120 eða fyrirtaeki@365.is

## Skotsilfur

### Spariféð í sveitina



Nokkrir nafntogaðir einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu eru óánægðir með sölu á 30 prósentum í Arion banka og ætla að færa bankaviðskipti sín til þeirra fjögurra sparisjóða sem eftir eru. Áður en þeir keyra sparifé sitt í næsta útibú á Hólmavík, eða í 233 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík, ættu þeir að glugga í þriggja ára gamla skýrslu um erfiðleika og fall sparisjóðanna, kynna sér sögu Spron eða yfirstandandi rannsókn héraðssaksóknara á því hvernig AFL-sparisjóður á Siglufirði virðist hafa verið holaður að innan. Það hafa nefnilega ekki allir sparisjóðir verið reknir eins og Sparisjóður Suður-Þingeyinga þar sem **Ari Teitsson** ræður ríkjum.

### Jón Eggert hættur hjá Kviku



Það kvarnaðist enn frekar úr hópi verðbréfamiðlara í markaðsviðskiptum Kviku banka í vikunni þegar **Jón Eggert Hallsson** sagði upp störfum í fyrradag. Hann var ráðinn til Straums fyrir tveimur árum sem sameinaðist skömmu síðar MP banka undir nafninu Kvika. Jón Eggert er annar miðlarinn sem lætur af störfum hjá Kviku á skömmum tíma en undir lok síðasta árs hætti Sigurður Hreiðar Jónsson hjá bankanum og stofnaði félagið Kletta Capital, sem annast eignastýringu fyrir hönd viðskiptavina, ásamt Jóni Gunnari Sæmundsen og Jónasi Guðmundssyni.

### Skoða næsta leik



Eftir viðræður við Kaupþing – með mislöngum hléum – í vel á annað ár er orðið ljóst að ekkert verður af kaupum lífeyrissjóðanna á hlut í Arion banka í lokuðu útboði. **Þórarinn V. Þórarinsson**, ráðgjafi sjóðanna, sagði í gær að það hefði vakið undrun hversu stór hlutur var seldur til erlendra fjárfesta og að Kaupþing hefði einhliða slitið öllum samningaviðræðum við sjóðina sem hefðu „varið miklum tíma og töluverðum kostnaði í að undirbúa þessi kaup“. Ekki væri því óeðlilegt að sjóðirnir skoði nú að fara fram á að Kaupþing bæti þeim upp ráðgjafarkostnað sem til hefur fallið vegna viðræðnanna.

## Kynntu afkomuspá og nýjan BMW




BMW Group kynnti á þriðjudag afkomuspá sína fyrir árið þar sem gert er ráð fyrir smávægilegri söluaukningu og nokkuð betri afkomu en í fyrra. Við það tilefni afhjúpaði þýska fyrirtækið nýjan BMW 530e iPerformance og gaf áhugasömum tækifæri á að skoða gripinn í höfuðstöðvunum í München. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Því er peningastefnan erfiðari á Íslandi en í öðrum ríkjum?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Á því leikur enginn vafi að það er ekki auðvelt að vera seðlabankastjóri á Íslandi. Reyndar myndi ég halda því fram að það sé erfiðara en í flestum öðrum Evrópuríkjum. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að það er erfitt að vera íslenskur seðlabankastjóri.

Í fyrsta lagi eru ástæður sem erfitt er að gera nokkuð við. Íslenska hagkerfið er ekki sérlega fjölbreytt. Í raun eru það aðeins 4-5 geirar sem mynda allt hagkerfið – fiskveiðar, stóriðja, orkuvinnsla, ferðaþjónusta og rekstur hins opinbera. Allt verðlag í þessum geirum – nema hjá hinu opinbera – er mjög óstöðugt.

Afleiðingin er sú að svokölluð viðskiptakjör – hlutfallið á milli útflutningsverðs og innflutningsverðs – eru mun óstöðugri en tilfellið er í til dæmis Danmörku, Svíþjóð eða Þýskalandi, sem aftur þýðir að gengið þarf að vera miklu óstöðugra til að halda samkeppnisstöðunni í jafnvægi.

Í öðru lagi er verðbólgumarkmið Seðlabankans í sjálfu sér vandamál. Þannig miðar Seðlabankinn við hækkanir á neysluverði en þar sem flestar neysluvörur eru innfluttar endurspegla breytingar á neysluverði aðallega breytingar á gengi og vöruverði.

**Hin endanlega klípa**

Þetta veldur eðlislægum árekstri. Annars vegar ætti að leyfa genginu að sveiflast mikið til að endurspegla breytingar á viðskiptakjörum, til að forðast miklar sveiflur í hagkerfinu. Hins vegar, til að halda vísitölu neysluverðs stöðugri, þarf Seðlabankinn að halda genginu tiltölulega stöðugu.

Þannig getum við ímyndað okkur hina endanlegu klípu þar sem útflutningsverð (eða til dæmis ferðaþjónusta) er í uppsveiflu og þar af leiðandi er hagkerfið í uppsveiflu. Til að forðast ofhitnun ætti Seðlabankinn að draga úr samkeppnishæfni með því að leyfa gjaldmiðlinum að styrkjast. En sterkur gjaldmiðill þýðir í raun lægra innflutningsverð sem – að öðru jöfnu – dregur yfirleitt úr verðbólgu.

Þetta er í raun staðan núna. Efnahagslífið blómstrar en verðbólga sem neysluverðsvísitala sýnir er lítil – aðallega vegna sterks gjaldmiðils. Hvað ætti þá Seðlabankinn að gera? Uppsveiflan í hagkerfinu er röksemd fyrir hækkun stýrivaxta en lítil (raunveruleg) verðbólga er röksemd fyrir lækkun stýrivaxta.

**Pólitískur þrýstingur**

Enn fremur er það ljóst að þótt Seðlabankinn sé formlega sjálfstæður þá verður bankinn mjög oft fyrir verulegum pólitískum þrýstingi, og þrýstingi frá fjölmiðlum og vissum geirum í hagkerfinu. Þetta gerir það sannarlega ekki auðveldara fyrir Seðlabankann að finna réttu „málamiðlunina“ á milli sveiflna á viðskiptakjörum og skammtímabreytinga á neysluverði.

Hvernig leysum við þennan vanda? Augljósa svarið er að við getum ekki leyst vandann, en við getum vissulega dregið úr honum og mín „lausn“ væri að skipta verðbólgumarkmiði Seðlabankans út fyrir markmið um 5% hækkun á nafnvirði launa því launahækkanir endurspegla í raun betur raunverulegan verðbólguþrýsting í íslenska hagkerfinu en neysluverðið. Og í leiðinni ættum við að tengja afborganir húsnæðislána við launavísitölu frekar en við verðbólguna. Þetta myndi hjálpa Má mikið og það myndi draga úr sveiflunum í íslenska hagkerfinu.

# Þegar Steve Jobs græddi milljarða á Toy Story



**Björn Berg Gunnarsson,**
fræðslustjóri VÍB

Laurene Powell Jobs, ekkja Steve Jobs, er í fertugasta sæti yfir auðugasta fólk veraldar. Auðinn má að talsverðu leyti rekja til teiknimyndarinnar Toy Story, sem frumsýnd var haustið 1995.

Árunum 1985 til 1997 varði Steve Jobs til annarra verka en þeirra sem sneru að Apple. Hann gerði tilraun til að selja tölvur í nafni NeXT með misjöfnum árangri og festi kaup á tölvuteikningadeild Lucasfilm, sem síðar var nefnd Pixar. Framan af olli rekstur Pixar vonbrigðum og skilaði tapi ár eftir ár. Því var mikið undir þegar samið var við Disney um dreifingu á þremur fyrstu myndum fyrirtækisins í fullri lengd árið 1991. Samningsstaða Jobs og félaga var veik og hélt Disney eftir um 95% af hagnaði myndanna. Gerð þeirrar fyrstu, Toy Story, tók fjögur ár. Þegar um ár var í frumsýningu fékk Jobs áhugaverða hugmynd.

Þær teikningar sem Steve Jobs gat nálgast á þessum tíma sannfærðu hann um að Toy Story myndi gjörbreyta teiknimyndaiðnaðinum. Viðtökurnar við þessu meistarastykki yrðu þvílíkar að hjá Disney kæmi ekki annað til greina en að framlengja samninginn um dreifingu mynda Pixar. En nú yrði samið öðruvísi. Jobs vildi 50% hagnaðarins, en þá þyrfti að leggja út fyrir helmingi kostnaðarins og þeir fjármunir voru ekki til. Lausnin var að skrá félagið á hlutabréfamarkað og safna fé með útboði. Jobs vissi nákvæmlega hvernig best væri að fara að því.

Ákveðið var að skráning og útboð Pixar færi fram viku eftir frumsýningu Toy Story. Þar sem Jobs var sannfærður um að myndin fengi afar góðar viðtökur gerði hann ráð fyrir að barist yrði um hlutabréfin. En hvernig átti að verðleggja fyrirtækið fyrir frumsýningu? Fyrirtæki sem hvorki hafði skilað hagnaði né mynd í fullri lengd? Lagt var af stað í fjárfestakynningar með verðmatið 12-14 dollarar á hlut. Jobs reyndist síst of bjartsýnn. Eftirspurnin eftir Woody, Buzz Lightyear og hlutabréfunum var svo mikil að útboðið fór fram á genginu 22 dollarar á hlut og við lok fyrsta viðskiptadags hafði gengið náð 39. Toy Story hafði þrefaldað verðmæti Pixar og eignarhlutur Jobs nam yfir milljarði dollara.

Pixar bar höfuð og herðar yfir aðra framleiðendur teiknimynda næsta áratuginn og svo fór að Disney keypti fyrirtækið af Jobs á 7,4 milljarða dollara árið 2006. Greitt var með hlutabréfum í Disney og hafa þau hækkað töluvert síðan.

Við andlát Jobs 2011 voru um 90% alls dánarbúsins hlutabréf hans í Disney. Eins merkileg og endurkoma Jobs til Apple var er áhugavert að uppspretta auðs hans var mun frekar trúin á velgengni Toy Story en gerð iPhone, arðbærustu neytendavöru sögunnar.

Um magnaða sögu Pixar má lesa nánar í bókinni Creativity Inc. eftir Ed Catmull, forseta fyrirtækisins.

# AVIS með hagstæðustu kjörin af öllum bílaleigum

## í útboði Ríkiskaupa




Sama þjónusta – eins bílar – miklu betra verð

VIÐ GERUM BETUR

**Avis** býður opinberum fyrirtækjum **hagstæðustu kjörin** af bílaleiguþjónustu og átti **lægsta tilboðið** af öllum þeim bílaleigum sem tóku þátt í útboði Ríkiskaupa.

Við erum stolt af því að geta boðið okkar viðskiptavinum góð kjör og framúrskarandi þjónustu. Kynntu þér málið á avis.is.

avis.is
591 4000

AVIS®
Bílaleiga

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 22. mars 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Tímamót á bankamarkaði

**Tilkynnt var** í vikunni að bandarískir fjárfestingarsjóðir, ásamt fjárfestingarbankanum Goldman Sachs, hefðu komist að samkomulagi um kaup á um þrjátíu prósenta hlut í Arion banka. Ljóst er að um stórfrétt er að ræða í íslenskri efnahagssögu og stóran áfanga í uppgjörinu við eftirmál hrunsins.

**Hitt** er þó ekki síður merkilegt að hér er komin stærsta fjárfesting erlendra aðila á Íslandi fyrr og síðar. Þetta er ekki stóriðjufjárfesting og ekki ævintýramennska sem tengist íslensku vatni eða orku.

**Í grunninn** eru þetta því tímamót sem ber að fagna. Reyndir bandarískir fjárfestar eru í reynd að gefa það í skyn með fótunum að þeir hafi trú á íslensku efnahagslífi, og láta meira að segja ofursterka krónu ekki trufla sig. Þetta fylgir í kjölfar aðkomu Bandaríkjamanna að farsímafélaginu Nova og aukinnar þátttöku erlendra fjárfesta á íslenskum hlutabréfamarkaði. Íslenskur markaður er að verða alþjóðlegri, sem er nokkuð sem við aldrei náðum á árunum fyrir hrun.

**Í þessu** samhengi er athyglisvert að heyra umræður á Alþingi um málið. Sumir þingmenn leggja á það alla áherslu að fá upplýst um endanlega eigendur sjóðanna. Væntanlega er það hægara sagt en gert en fjárfestar í sjóðum sem þessum geta numið þúsundum. Skynsamlegri nálgun væri að einblína á þá sem eru í fararbroddi sjóðanna.

**Aðrir** virðast sannfærðir um að þarna sé um einhvers konar leppviðskipti að ræða. Slíkar hugmyndir eru í besta falli kjánalegar. Goldman Sachs og Hauck & Aufhauser eiga lítið sameiginlegt.

**Á meðan** sitja lífeyrissjóðirnir eftir með sárt ennið en þeir höfðu borið víurnar í bankann. Fyrir þá sem eru hrifnir af fjölbreytni er fagnaðarefni að sú umleitan hafi ekki gengið eftir. Það var ekki spennandi tilhugsun að láta sjóðunum eftir bankakerfið í ofanálag við nánast öll skráð félög í landinu.

**Salan** á Arion er vafalaust ekki fullkomin, og raunar er margt sem bendir til að tiltölulega lágt verð hafi fengist fyrir hlutinn í bankanum. Tækifærin eru í ofanálag æpandi. Vafalaust er hægt að lækka rekstrarkostnað verulega með einu pennastriki og ljóst er að svigrúm er til verulegra arðgreiðslna.

**Þangað til** annað kemur í ljós er hins vegar ekki ástæða til annars en bjartsýni. Íslendingar hafa gott af samskiptum við útlendinga. Það á við um bankamenn sem aðra.


ÁSTRÍÐA

Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Sigríður í bankaráð Landsbankans



Sigríður Benediktsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, mun taka sæti í bankaráði Landsbankans á aðalfundi bankans sem fer fram síðar í dag, miðvikudag. Hún kemur ný inn í bankaráðið í stað Daniellu Neben, sem sagði af sér sem bankaráðsmaður í síðasta mánuði, en að öðru leyti helst sjö manna bankaráðs Landsbankans óbreytt.

Sigríður, sem lauk doktorsprófi við Yale-háskóla í Bandaríkjunum, starfar í dag við rannsóknir og kennslu við sama háskóla en þar áður stýrði hún fjármálastöðugleikasviði Seðlabankans 2011 til 2016. **– hae**

## 20.3.2017

**Þetta eru alvöru fjárfestar, að leggja fram mikla fjármuni af því að þeir hafa trú á Íslandi og Arion banka.**

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka







# Hvar á fyrirtækið þitt að vera?

**HEILD** fasteignafélag hefur yfir að ráða fjölda af vel staðsettum atvinnulóðum á höfuðborgarsvæðinu.

**Hafðu samband ef þig vantar framtíðarstað fyrir fyrirtækið þitt.**

Heild er meðal stærstu fasteignafélaga landsins og sérhæfir sig í atvinnuhúsnæði, lóðum og þróunarverkefnum.

Heild hefur yfir að ráða fjölbreyttu úrvali eigna á höfuðborgarsvæðinu og leitast við að mæta þörfum viðskiptavina sinna – hvort sem laga þarf húsnæði að þörfum þeirra eða byggja hús frá grunni.

Garðastræti 37, 101 Reykjavík, sími 568 6787 fyrirspurn@heild.is www.heild.is

HEILD fasteignafélag


HB
HÚSGAGNA BANKINN
LAGERSALA
FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030
Opið frá 13.00 - 18.00 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Nýkomin sending af glæsilegum Mahogany og Hnotu húsgögnum
Lampaborð
39.900
Blaðgrindarborð
34.400
Glerskápur 70 sm
104.300
Glerskápur 175 sm
238.400
Sófaborð 135 sm
71.200
Sjónvarpsskápur 135 sm
110.400
Skenkur 120 sm
107.200
Hornskápur 76 sm
94.500
320.800
Borðstofuborð 150 x 100 sm
50 sm stækkun, 4 Hyper Wide stólar
603.200
Monaco sófasett 3 + 1 + 1
159.200
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður
69.800
Hægindstóll m. snúningi
klæddur í sterkt áklæði
99.800
Hægindstóll m. snúningi
Alklæddur í ekta leður
169.600
Rafknúinn hægindstóll
Alklæddur í ekta leður
7.565
Bluedio heyrnatól
Bluetooth
Verð frá 1.900
Armbandsúr
Verð frá 2.900
Ferðaútvarp
10.115
Bluedio ferðahátalari
Bluetooth 3D
26.500
7" Bíltæki með GPS,
snertiskjá, Bluetooth,
SD og USB spilara
www.husgagnabankinn.is

# Fyrsta samvinnuverkefnið snýst um hversdagsleika

**Listakonurnar Dagmar Atladóttir og Ylona Supér skipa hönnunarteymið Stúdíó Hlé. Þær munu sýna fyrsta samstarfsverk sitt á HönnunarMars en um biðstofu er að ræða. Í biðstofunni fá þátttakendur að daðra við hversdagslegar aðstæður sem allir kannast við.**




**Dagmar og Ylona unnu biðstofuna með Írisi Sif Kristjánsdóttur og Daníel Auðunssyni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hugmyndin með biðstofunni er að skapa umhverfi sem við þekkjum öll og höfum upplifað, en í þessu tilviki er upplifunin sviðsett og allt í kringum hana hannað og sviðsett," segir listakonan Dagmar Atladóttir sem skipar hönnunarteymið Stúdíó Hlé ásamt listakonunni og vinkonu sinni Ylonu Supér.

„Við bjóðum upp á stað þar sem sýningargesturinn er aðalpersónan og blæs lífi í verkið í gegnum leikmunina og hönnunina," segir hún um verkið sem þær stöllur sýna á HönnunarMars. Um biðstofu er að ræða sem stendur á landamærum skáldskapar og raunveruleika að sögn Dagmarar.

Biðstofan er prýdd munum sem þær vinkonur hafa hannað, svo sem stólum og kaffibollum. Spurð nánar út í verkið og leikmunina segir Dagmar: „Hugmyndin er annars vegar að hanna vörulínu og hins vegar að leiða saman hönnuði og listafólk og skapa gjörninga sem kannski daðra svolítið við hversdagslegar aðstæður. Tilgangurinn er að skapa hagnýta list sem getur funkerað í mismunandi samhengi, hvort sem það er sem leikmunir fyrir viðburði, sýningargripir eða sem húsmunir innan veggja heimilisins."

Öllum er velkomið að koma og taka þátt í verkinu en Dagmar hvetur listafólk sérstaklega til að taka þátt. „Við erum að reyna að koma upprennandi listafólki og hönnuðum á framfæri og vonumst í leiðinni til að rugla smá í raunveruleikanum. Við bjóðum upp á kaffi og með því á meðan á biðinni stendur. Stóllinn, kaffibollinn og tímaritið verða til sölu."

